

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagið

Skautun í íslensku samfélagi

EFNISYFIRLIT

Málstofa 1 Löggæsla M101.....	2
Málstofa 2 M102 Samþætting fjölskyldu og atvinnulífs.....	4
Málstofa 3 M203 Menntamál I	7
Málstofa 4 M101 Orð og áhrif I	10
Málstofa 5 M102 Lýðræði og traust	12
Málstofa 6 M203 Menntamál II	14
Málstofa 7 M101 Orð og áhrif II	17
Málstofa 8 M102 Sjávarútvegur og umhverfi.....	19
Málstofa 9 M203 Menntamál III	21
Málstofa 10 M202 Ójöfnuður	23
Málstofa 11 M101 Ríki og sveitarfélög	26
Málstofa 12 M102 Byggðamál I.....	28
Málstofa 13 M203 Vinnumarkaður og stjórnendur.....	31
Málstofa 14 M101 Fjölbreytileiki I.....	34
Málstofa 15 M102 Byggðamál II.....	37
Málstofa 16 M203 Vinnumarkaður og starfsfólk.....	39
Málstofa 17 ;101 Fjölbreytileiki II	40
Málstofa 18 M102 Viðskipti og markaður	43
Málstofa 19 M203 Miðlar og orðræða	46

MÁLSTOFA 1 LÖGGÆSLA M101

Réttarfélagsfræðileg greining á uppruna löggjafar um áfengi og kannabisefni: Dómar Hæstaréttar í hundrað ár

Áfengi og önnur vímuefni hafa fylgt mannkyni nánast frá örófi alda. Glíman við vandamál sem vímuefnum fylgja hefur lengi verið framarlega í forgangsröð stjórnvalda. Ekki er lengur deilt um lagalega stöðu áfengis á Vesturlöndum þótt áfengisvandinn sé löngu þekktur og vel kortlagður. Áfengi hefur þó ekki alltaf verið lagalega og samfélagslega viðurkenndur vímuegjafi. Snemma á 20. öldinni var áfengisneysla víða bönnuð, meðal annars á Íslandi. Tóbak hefur ætíð verið undanskilið refsilöggjöfinni þótt neysla þess geti valdið alvarlegu heilsutjóni. Víðast hvar á Vesturlöndum hefur refsistefnu í fíkniefnamálum verið fylgt. Framleiðsla, varsla, neysla og dreifing tiltekinna fíkniefna varðar við refsilög þótt sums staðar séu teikn á lofti um breyttar áherslur.

Afnám áfengisbannsins á Íslandi árið 1935, að undanskildum bjór, táknaði ekki endalok aðgerða löggjafarvaldsins við vímuefni. Á síðari hluta 20. aldar tók við barátta Íslendinga gegn fíkniefnum sem löggjafinn og dómsvaldið tóku fullan þátt í og staðið hefur yfir nánast linnulaust síðan. Hæstiréttur Íslands fór ekki varhluta af þessari þróun. Á síðustu áratugum hefur fjöldi dóma fallið í Hæstarétti sem sumir fela í sér þungar refsingar við brotum á fíkniefnalöggjöfinni.

Í erindinu verður komið inn á rætur löggjafarinnar um áfengi og kannabis í BNA út frá réttarfélagsfræðinni. Í framhaldi verða nokkrir dómar sem reifaðir eru í bókinni Hæstiréttur í hundrað ár (2020) um áfengis- og fíkniefni teknir fyrir. Barátta löggjafans við vímuefnin verður metin á gagnrýninn hátt í lokin.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, helgigun@hi.is

„Í hvaða liði ertu? – Skautun í refsivörslukerfinu.“

Oft er því hreyft, að skautun sé innbyggð í refsivörslukerfið; að ákæruréttarfarið sé byggt upp af andstæðum hlutverkum eða fylkingum, svo sem ákærvaldi og rannsakendum andspænis sakborningi og verjanda; geranda andspænis brotþola; fanga andspænis fangavörðum; einstaklingnum andspænis ríkisvaldinu eða „kerfinu,“ og svo mætti lengi telja. Þá má spyrja í hvaða sæti dómarrinn situr síðan í réttarhaldinu? Hér fara saman hugleiðingar um þessar andstæður og ólíku hlutverk innan refsivörslukerfisins ásamt persónulegri reynslu nokkurra viðmælenda, sem varpa ljósi á efnið. Kynntar verða þær

innbyggðu andstæður og hlutverk, sem finna má innan réttarvörslukerfisins, og svo þær lagareglur, sem ætlað er að rétta af misjafnan mátt þeirra, sem þar að koma. Hvernig stenst sýn laganna í ljósi reynslu þeirra, sem til þekkja og hafa átt hlut að málum í þeim hlutverkum, sem réttarvörslukerfið skipar þeim

Hrannar Már Hafberg, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, hrannars@unak.is

Hvað er börnum fyrir bestu? Gagnreynt vinnulag innan barnaverndar.

Börn þurfa vernd vegna aldurs og stöðu í samfélaginu en um leið eiga þau rétt á að vera studd til merkingarbærrar þátttöku um eigið líf og samfélag. Rannsakendur hafa gagnrýnt fagfólk sem starfar með börnum í viðkvæmri stöðu fyrir að leggja ofur áherslu á vernd og hindra þar með þátttöku ákveðins hóps barna í rannsóknum. Markmiðið hér er tvíþætt, annars vegar að varpa ljósi á sýn barnaverndarstarfsfólks á hagnýti rannsókna og hins vegar að greina þá þætti sem hindrar barnaverndarstarfsfólk við að aðstoða rannsakendur við aðgengi að börnum vegna rannsókna. Gögn voru fengin með rýnihópaviðtölum við fagfólk sem starfa innan barnaverndar í fjórum sveitarfélögum á Íslandi. Niðurstöður benda til þess að styðja og hvetja þurfi fagfólk til þess að beita gagnreyndu verklagi og nýta sér rannsóknir í daglegu starfi. Þátttakendum var umhugað um þau börn sem fá stuðning frá barnavernd og lögðu áherslu á nauðsyn þess að vernda þessi börn og takmarka áreiti sem ekki hafi sýnilegan ágóða. Þátttakendur töldu sig hafa takmarkaðan tíma til endurmenntunar og fá lítinn stuðning vinnuveitenda til að kynna sér nýjar aðferðir í starfi, þar á meðal aðferðir til þess að auka samráð við börn.

Það er mikilvægt að fagfólk og rannsakendur eigi reglulegt samtal um gildi rannsókna og rannsóknarstarfs til þess að byggja upp gagnreyndan stuðning og þjónustu.

Hervör Alma Árnadóttir, dósent, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, hervora@hi.is

Skaði hatursglæpa

Breski afbrotufræðingurinn Paul Ignaski (2008; sjá einnig Ignaski & Lagou, 2015) hefur lagt á það áherslu í rannsóknum sínum að hatursglæpir skaði meira en glæpir án hlutdrægni ásetnings þegar um sambærilega glæpi er um að ræða. Undirtektir slíka sjónarmiða má finna í dómaframkvæmdum og heimildum til refsihækkunar í sakamála lögum. Hin víðtæka birtingarmynd skaða felst í því að ekki einungis brotþolar upplifi skaða hatursglæpa, heldur einnig aðrir sem tilheyra sama hóp eða hafa sömu einkenni (e. characteristics) og brotþolin. Jafnframt er skaði fólgin í því að hatursglæpir ala á sundrung og óeiningu í samfélaginu. Með þetta að leiðarljósi mun erindið draga fram niðurstöður úr rannsókn um

hatursglæpi á Íslandi þar sem afleiðingar (skaði) er greindar út frá 25 eigindlegum viðtölum við brotaþola hatursglæpa og 107 skriflegum svörum úr spurningalistakönnun um upplifun af hatursglæpum sem lagt var fyrir íbúa af pólskum uppruna. Þátttakendurnir í rannsókninni upplifði margskonar afleiðingar (skaða) en efnahags- og félagsleg staða þeirra hafði áhrif á upplifunina. Þá upplifðu einstaklingar sem álitu sig jaðarsetna í samfélaginu mun meiri skaða en þeir sem upplifðu jafna stöðu á við aðra, sem leiðir að þeirri niðurstöðu að sumir hatursglæpir skaði meira en aðrir sambærilegir glæpir án fordómar ásetnings, en þó ekki allir.

Eyrún Eyþórsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, eyruney@unak.is

MÁLSTOFA 2 M102 SAMÞÆTTING FJÖLSKYLDU OG ATVINNULÍFS

Verkakonur, samþætting fjölskyldu og atvinnulífs og andleg líðan.

Í erindinu verða kynntar niðurstöður byggðar á rannsókn sem framkvæmd var á vor- og sumarmánuðum 2022 á stöðu og líðan kvenna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig ólíkir þættir er tengjast fjölskylduábyrgð og atvinnuþátttöku hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan kvenna á Íslandi og hvernig það samband birtist eftir stéttastöðu þeirra. Úthringikönnun var framkvæmd á um 3000 kvenna úrtaki og fengust svör frá 1251 konu. Til að fá sem raunsannasta mynd af ólíkri stéttastöðu kvenna á Íslandi var mikil áhersla lögð á að ná til sem fjölbreytts hóps kvenna, meðal annars með því að ráða spyrta sem tala íslensku, pólsku og ensku. Notast var við European Socio-economic Classification (ESeC) útgáfuna af Goldthorpe stéttalíkaninu til þess að mæla stétt og var svarendum raðað í stéttir ESeC-líkansins á grundvelli upplýsinga um starfsgrein viðkomandi samkvæmt íslenska starfsflokkaáðlinum ÍSTARF21. Andleg líðan þeirra var síðan mæld með því að nota DASS21 kvarðann sem er sjálfsmatskvarði fyrir þunglyndi kvíða og streitu.

Niðurstöður benda til þess að erfiðleikar við að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf hafi neikvæð áhrif á andlega líðan, en að það samband sé háð stéttastöðu. *Berglind Hólm Ragnarsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, bhr@unak.is*

Andrea Hjálmsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, andrea@unak.is

Valgerður S. Bjarnadóttir, Lektor, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, vsb@hi.is

Íslenskar konur í stjórnun, árangur og stuðningurinn heimafyrir

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að konur sem gegna háum stjórnunarstöðum eru líklegri að hafa þurft að fara lengri og flóknari leiðir við að klífa metorðastigann en karlkyns kollegar þeirra. Á árinu 2023 eru stjórnendur fyrirtækja á markaði enn í miklum meirihluta karlar (aðeins fjórar konur) og enn er hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum í fjármálafyrirtækjum undir 10%. Í þessu erindi verður þeirri spurningu velt upp á yfirborðið hversu stóran þátt stuðningurinn heimafyrir (frá fjölskyldu og einkum maka) spilar í framgangi og árangri kvenna í stjórnunarstöðum. Skyggst verður inn í reynsluheim níu kvenna sem gegna æðstu stjórnunarstöðum, bæði hjá hinu opinbera og einnig í einkageiranum en spurt var sérstaklega úti þá þættir í þeirra nærumhverfi sem hafi hjálpað þeim að takast á við kynbundnar áskoranir og aðrar hindranir á leið til æðstu metorða. Frumniðurstöður gefa til kynna að þættir á borð við tengslanet, stuðning heima fyrir, og að vera „vel gift“ hafi skipt sköpum varðandi framgang og starfsferil að mati þátttakenda og var þeim tíðrætt um að það hafi skipt lykilmáli að láta að hluta til af hendi verkefnastjórnun heimilisins (svokallaðri þriðju vakt). Niðurstöður benda jafnframt til þess að viðmælendur voru ekki ónæmar fyrir þeim kröfum sem samfélagið gerði til þeirra, einkum ef börn voru með í spilinu og hvað stuðningur maka hefði mikið að segja hvað framgang þeirra innan vinnustaðar varðaði.

Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent, Félagsvísindadeild, Háskólinn á Bifröst, sigrunlilja@bifrost.is

„Ég er með miklu slakari þröskuld heldur en konan mín“. Kynjuð verkaskipting á heimilum, réttlætningar og endursköpun

Alþjóðlegar rannsóknir á kynjajafnrétti á tímum Covid-19 faraldursins hafa bent til þess að áhrif samkomutakmarkana, svo sem skert skólastarf barna og breytt vinnuumhverfi, hafi komið verr niður á mæðrum en feðrum. Mæður voru þannig líklegri til að minnka við sig starfshlutfall eða hverfa af vinnumarkaði, auk þess að upplifa mun meira álag á meðan á faraldrinum stóð. Ekki er ljóst hvort þetta bakslag muni hafa áhrif á stöðu kvenna á heimilum og vinnumarkaði til lengri tíma en í því samhengi er mikilvægt að reyna að öðlast skilning á kynjuðum strúktúrum í samfélaginu sem skapa farveg fyrir álíka bakslag á krísutímum, jafnvel í ætlaðri jafnréttisparadís eins og á Íslandi.

Í erindinu verða kynntar niðurstöður viðtalsrannsóknar sem fór fram vorið 2022. Tekin voru 16 viðtöl við feður og mæður í gagnkynja parasamböndum. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á kynjaðri orðræðu um fyrirkomulag og ákvarðanir útívinnandi foreldra í tengslum við heimilisstörf og umönnun barna í faraldrinum. Niðurstöðurnar endurspeglu ólíka forgangsröðun mæðra og feðra þegar kemur að tíma og orku bæði í tengslum við launaða vinnu og þeirri vinnu sem snýr að heimili og áhugamálum. Þannig endursköpuðu og viðhéldu foreldrar hefðbundnum kynhlutverkum. Ýmsar réttlætningar voru notaðar,

bæði af mæðrum og feðrum, til að útskýra verkaskiptingu sem krafðist meiri ábyrgðar og tíma af mæðrunum. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að verkaskipting í gagnkynja parasamböndum á Íslandi sé hefðbundnari og rótgrónari en almenn umræða gefur til kynna.

Valgerður S. Bjarnadóttir, lektor, Menntavísindavísindasvið, Háskóli Íslands, vsb@hi.is

Andrea Hjálmsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, andrea@unak.is

Verkaskipting á íslenskum heimilum

Í alþjóðlegum samanburði er kynjajafnrétti á Íslandi meira en víðast hvar í heiminum. Til að mynda trónir Ísland á toppi jafnréttisvísis Alþjóða Efnahagsráðsins (WEF). Þrátt fyrir það eru kynjahlutverk rótgróin í íslenska menningu. Í því samhengi hefur kastljósinu verið beint að því að, þrátt fyrir aukna þátttöku karlanna í daglegum rekstri heimila og umönnun barna, séu það einkum konur sem beri hina hugrænu byrði heimilislífsins, svokallaða þriðju vakt. Hér kynnum við frumniðurstöður netkönnunar sem lögð var fyrir 540 manna hentugleikaúrtak foreldra í sambúð. Svarendur lögðu mat á framlag sitt til 62 verkefna, sem tengjast rekstri heimilis, samanborið við maka sinn. Að auki svöruðu þeir spurningalistum um streitu (Perceived Stress Scale), kulnunareinkenni (Copenhagen Burnout Inventory) og lífsgæði (Satisfaction with Life Scale). Niðurstöður sýndu að verkefnum heimila er skiptast eftir kyni. Konur töldu framlag sitt til 43 verkefna meira en framlag maka sinna. Þeirra á með talin voru öll verkefni sem tengdust umönnun barna. Karlmennt töldu sig aftur á móti leggja meira til 19 verkefna. Þeirra á meðal voru öll verkefni sem tengjast rekstri bifreiða og viðhaldi á heimilinu. Á meðal karla mældust engin tengsl vinnuframlags á heimili og streitu eða kulnunareinkenna, en miðlungs neikvæð tengsl við lífsgæði. Á meðal kvenna mældust jákvæð tengsl framlags til heimilisstarfa við streitu- og kulnunareinkenni, en neikvæð tengsl við lífsgæði. Tengsl framlags til verkefna þriðju vaktarinnar voru þó umtalsvert veikari en tengsl við framlag til hefðbundnari heimilisstarfa.

Árni Gunnar Ásgeirsson, dósent, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, arnigunnar@unak.is

Emma E. Evudóttir, meistaranemi, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, emma@unak.is

Berglind Hólm Ragnarsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, bhr@unak.is



MÁLSTOFA 3 M203 MENNTAMÁL I

„Má ég koma aftur með?“ Samvinna Eistlands og Íslands E-CBA – niðurstöður árangursríks samstarfs kynntar

Háskólar leggja gjarnan áherslu á að þjálfra svokallað harða færni (hard skills). Það er geta nemenda til að leysa dæmi, t.d. í stærðfræði. Þetta er auðvelt að leggja fyrir og mæla. Mjúk færni (soft skills) hins vegar snýr að samskiptum í töluðu og rituðu máli, sköpun (creativity) og fleira. Þessa færni er ekki svo einflat að mæla og oft skortir leiðir til þess að efla hana og mæla. Haustið 2020 var farið af stað með verkefni sem heitir Vaken. Þetta verkefni er styrkt af Nord-Plus. Þátttökulönd ásamt Íslandi eru Finnland, Danmörk og Eystrasaltsríkin. Kennarahópurinn hefur úbúið verkfærakistu sem inniheldur leiðir og verkefni til þess að efla og þjálfra mjúka færni nemenda. Þessi verkfæri er hægt að nota í skólastofunni og einnig rafrænt. Úbúið verkferli sem stóð í viku og nemendur unnu að raunverulegu verkefni frá fyrirtæki. Áður en vinnan hófst tóku nemendur sjálfspróf til þess að meta eigin mjúka færni. Í lok viku, var sjálfsprófið endurtekið, og kannað hvort að nemendur merktu hjá sér breytingar í sinni mjúku færni. Hún var markvisst þjálfuð yfir vikuna. Verkferlið var keyrt þrisvar sinnum, í Kaunas, Akureyri og Helsinki. Niðurstöður leiða í ljós að nemendur merkja breytingar eftir vikuna og meta sína mjúku færni hærra eftir þessa vinnu. Verkferlið verður kynnt á ráðstefnunni ásamt niðurstöðum rannsókna.

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, aðjúnt, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, verak@unak.is

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, hafdisb@unak.is

Personality and family context in explaining grit of Icelandic university students

This study is examining the relationship between grit - the persistence and passion towards meaningful long-term goals -, success, and family background among students of two Icelandic universities with regard to personality traits. Grit is here defined as passion and long-term determination to a certain goal that a person has set for himself/herself, despite obstacles and difficulties. Success is measured as average grade, and family background means in this case sibling spacing, and order.

The methodology is quantitative based on a questionnaire that includes measurement of grit based on Angela Duckworth's grit scale, and a 10-item measure of the Big-Five dimensions.

The questionnaire was set up on Questionpro and sent to students at the University of Akureyri and the University of Iceland.

This study is intended to add to the growing body of knowledge about grit in terms of influence of family background and personality traits. Further, it adds to the understanding why some students stand out whereas others find it harder to succeed.

Preliminary results indicate that grit shows a moderate correlation with conscientiousness, and weak correlation with openness, and emotional stability. Interestingly, results show a weak negative correlation with average grade. No significant difference was found regarding gender, number of siblings, and sibling spacing and order. Using regression model demonstrates that personality traits explain in general over 30% of grit in students that participated in the study.

Verena Karlsdóttir, aðjúnt, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, verena@unak.is

Stúdentar, háskólakennarar og fyrirtæki - Samvinna Eistlands og Íslands E-CBA – niðurstöður árangursríks samstarfs kynntar

Verkefnið Vaken, styrkt af Nord-plus, hóf göngu sína haustið 2020 og lýkur nú í vor 2023. Verkefnahópurinn samanstendur af Veru Kristínu, Hafdísí Björgu ásamt kollegum frá Finnlandi, Danmörku og Eystrasaltsríkjunum. Þau hafa á þessum tíma útbúið verkfærakistu sem nýtist jafnt í skólastofu sem og í rafrænni kennslu. Verkfærakistan inniheldur tæki og leiðir til þess að þjálfar og meta mjúka færni nemenda. Verkerlið var prufukeyrt í Óðinsvé 2021, og fínþússað eftir þá reynslu. Síðan fór fram keyrsla á verkferlinu í Helsinki, Kaunas og Akureyri 2022. Nemendur frá öllum verkefnalöndunum tóku þátt, að meðaltali 6 frá hverju landi. Nemendur unnu í blönduðum hópum að lausn ákveðins verkefnis frá fyrirtæki sem þau heimsóttu og fengu endurgjöf frá á meðan að á vinnunni stóð. Í lok hvernar viku var framkvæmd könnun til þess að meta hvernig til tókst og hvort að nemendur hefðu bætt frammistöðu sína í mjúkri færni. Áhugaverðar niðurstöður komu fram, m.a. var bætingin einna mest hjá hópnum sem heimsótti Ísland. Kvikmyndatökumaður frá Danmörku kvikmyndaði ferlið á Íslandi og útbjó hálf tíma heimildarmynd um vinnuna. Á ráðstefnunni er ætlunin að segja frá niðurstöðum kannana af vinnu nemenda og einnig að sýna búið úr heimildarmyndinni.

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, hafdisb@unak.is

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, aðjúnt, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, verak@unak.is

Skautun og háskólastarf

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi kemur fram að mikil áhersla á uppbyggingu á STEM greinum sé beinlínis forsenda aukinnar nýsköpunar. Í erindi mínu bendi ég á að þegar lögð er mikil áhersla á STEM greinar í þekkingasamfélaginu þá er hættu á við tökum skref til baka í uppbyggingu vísinda. Undanfarna áratugi hefur framþróun vísinda einkennst nokkuð af samþættingu ólíkra fræðigreina. Styrkveitendur leggja sem dæmi sífellt meiri áherslu á þverfræðilegt rannsóknarsamstarf og krefjast þess í ríkara mælis að styrkumsóknir byggi á þverfræðilegu samstarfi raun-, félags- og hugvísinda. Þverfræðileg rannsóknarverkefni veita okkur þekkingu sem fyrr er unnt að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið en einnar fræðigreinar rannsóknarverkefni. Aukin fjárhagsleg styrking STEM greina umfram eða á kostnað félags- og hugvísinda er ekki aðeins líkleg til að missa marks heldur er hættu á að slík áhersla hægi á framþróun og samþættingu vísinda í íslensku samfélagi. Auk þess dreg ég fram ýmis álitamál og þversagnir sem koma fram í þingsályktunartillögunni.

Stefán Hrafn Jónsson, prófessor og sviðsforseti, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, shj@hi.is

Hvernig ættu háskólar að bregðast við skautun?

Í erindinu verður sjónum beint að áhrifum skautunar á háskólastarf og ábyrgð háskóla á að vinna gegn skaðlegum áhrifum hennar. Gerð verður grein fyrir því hvernig skautun hefur verið skilgreind og skýrð af rannsakendum mismunandi fræðigreina og í þverfræðilegu samhengi. Í ljósi þeirra verður gerð tilraun til að greina þá þætti háskólastarfs sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum skautunar í samfélaginu, svo sem í viðhorfum almennings til háskólastarfs, viðhorfum nemenda, viðhorfum kennara og starfsfólks, stjórnenda, stjórn mála- og embættisfólks. Að lokum verður reynt að greina og færa rök fyrir ábyrgð háskóla á að þróa starfshætti sem líklegir eru til að vinna gegn skaðlegum áhrifum skautunar. Slíkir starfshættir geta snert námskrá, kennsluaðferðir, aðgengi að háskólanámi og síðast en ekki síst sjálfsskilning þeirra sem taka þátt í akademísku samfélagi. Sú greining tekur meðal annars mið af nýlegum rannsóknum höfundar á lýðræðislegu gildi háskólastarfs.

Sigurður Kristinsson, prófessor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, sigkr@unak.is

MÁLSTOFA 4 M101 ORÐ OG ÁHRIF I

Var Saltvík 71 hið íslenska Woodstock?

Við vinnslu bókarinnar „Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992“ rak á fjöru höfundar margvíslegt efni tengt æskulýðsmenningu. Meðal annars efni er varðar útihátíðir ungmenna hérlendis. Gögnin hafa orðið höfundu hvatning til frekari rannsókna á því sviði. Meðal annars um hina umdeildu Saltvíkurhátíð sem fór fram árið 1971 og var liður í að leysa „Hvítasunnvandamálið“ eftirlitlausar útilegur ungmenna um samnefnda helgi. Hátíðin, sem var mjög umdeild, var haldin í Saltvík á Kjalarnesi í samvinnu Æskulýðsráðs Reykjavíkur (ÆR) og hljómsveitarinnar Trúbrot. Höfundur fjallar um og skýrir fyrirbærið „útihátíð“ út frá kenningum mannfræðinga eins og Certeau og Bakhtin. En megin viðfangsefni þessarar rannsóknar var að svara þeirri spurningu hvort Saltvík 71 hafi verið hið íslenska Woodstock út frá og í samhengi við alþjóðlega straua unglíngamenningar þessa tíma?

Niðurstöður eru þær að margt var líkt með Saltvík 71 og Woodstock. Þó svo að tilurð og markmið hafi verið ólík. Á Woodstock var allt helsta tónlistarfólk alþjóðasennunar mætt en í Saltvík var íslenska senan ráðandi, tónlistarleg áhrif beggja þessara hátíða voru mikil, hvor á sinn hátt. Þær fengu afar neikvæða umfjöllun eldri kynslóðarinnar en endurspegluðu með skýrum hvor á sinn hátt æskulýðsmenningu þess tíma.

Árni Guðmundsson, aðjúnkt, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, arni@hi.is

„Sólin blessuð vermi þetta heimili“

Rannsóknin byggir á athugunum á barnafræðslu í Fljótum í Skagafirði 1880–1946. Litlar skrásettar heimildir er að hafa fram til 1894 en eftir það eru skýrslur sem tengjast styrkveitingum til farkennara mikilvæg heimild um fræðslu í byggðarlaginu. Úrvinnsla þessara gagna leiddi í ljós að eftir að styrkhæf farkennsla hófst í Fljótum var hún regluleg fram að setningu fræðslulaganna 1907. Opinbera barnafræðslu í Fljótum má að flestu leyti telja sambærilega því sem gerðist utan kaupstaða á landsvísu 1903–1904 og sambærilega við barnafræðslu í héruðum við Húnaflóa á sama tíma. Sama má segja um menntun og bakgrunn sveitakennara. Allir nema einn þeirra sem kenndu þar til fast skólalald komst á í Fljótahreppunum höfðu formlega menntun að baki, ýmist kennarapróf, gagnfræðapróf eða búfræðináms. Athygli vekur að aðeins þrjár konur voru í hópi þessara kennara. Um helmingur sveitakennaranna var lengi við kennslu og einn þeirra áratugum saman. Fast

skólalahald komst á í tveimur þinghúsum í Holtshreppi kringum 1930 en í Haganeshreppi var byggður heimavistaraskóli í byrjun fimmta áratugarins. Átti sú ráðstöfum sér langan og stormasaman aðdraganda sem meðal annars einkenndist af pólitískum deilum og trúmálum. Deilan leystist svo farsælega þegar skóli var byggður í landi Barðs í Flókadal, í samstarfi Haganeshrepps og kvenfélagsins Vonar á Siglufirði. Árið 1973 gerðist Holtshreppur aðili að skólanum. Skólalahald var á Sólgörðum allt þar til skólalahald í byggðarlaginu lagðist af vorið 2018.

Kristín Sigurrós Einarsdóttir, gagnvegur@gmail.com

Bragi Guðmundsson, prófessor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, bragi@unak.is

Skautun og öfundargremja

Franski upplýsingarheimspekingurinn Jean-Jacques Rousseau notaði hugtakið “ressentiment” til að lýsa djúpri öfund og gremju sem stafar af ákveðinni tilfinningu af hjálparleysi og minnimáttarkennd. Samkvæmt honum, þá er þessi tilfinning eitthvað sem gæti fengið fólk til að taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir gegn þeim sem upplifað er sem andstæðinga sína - jafnvel þótt að þær ákvarðanir séu engan vegin fólkinu sjálfu í hag. Rousseau taldi að “ressentiment” væri sérstak vandamál í samfélögum sem einkennast af miklum ójöfnuði, og þar sem borgarar hafa ekki tök á að uppfylla drauma sínar og vonir. Að mati Rousseau er þessi öfundargremja eitthvað sem samfélögum, sem ekki hafa hagað málum sínum á fullnægjandi hátt, stendur stórhætta af. Nýlega hafa tveir fræðimenn, Pankaj Mishra og Wendy Brown, rætt þetta hugtak hans og aðlagð að nútímanum, en þau telja bæði það eiga mjög vel við um skautunina sem við sjáum í samfélagslegri umræði í dag. Í erindinu verður þetta hugtak rætt, og hvernig það hjálpar okkur að skilja skautun.

Jóhann Helgi Heiðdal, doktorsnemi, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, jhj@unak.is

Hlutverk íslenskunnar í sjálfsmynd íslensku vesturfaranna

Árið 1875, tveim árum eftir að Nýja Ísland var stofnað, hófu Íslendingar vestra útgáfu dagblaðs. Greinarnar í blaðinu og þeim blöðum sem á eftir koma segja okkur ýmislegt um þær skoðanir sem þessir fyrstu vesturfarar höfðu á íslensku nýlendunni, þjóðerni sínu og tungumáli. Megintilgangurinn með útgáfu blaðanna var menntun, lærdómur og skemmtun en einnig það að viðhalda íslensku tungunni og hinu íslenska þjóðerni vestra. Margir vildu meina að tungumálið væri lykilinn að því að halda í hið íslenska í hinum nýja heimi og að án þess myndi íslensk menning hverfa fljótt, sérstaklega á meðan hinn íslenski þjóðararfur væri ekki aðgengilegur í gegnum enska tungu. Þó voru aðrir sem töldu að hin íslenska

tunga og íslenskur þjóðarandi myndu standa í vegi fyrir framförum og í raun minnka líkurnar á því að vesturfararnir næðu að blómstra í hinu nýja landi. Þeir vildu að Íslendingar samlöguðust ‚hinum ensku‘ sem best og opnuðu íslensku nýlenduna upp á gátt. Á blaðsíðum Framfara, Leifs og fleiri blaða má því fylgjast með nokkrum mikilsmetnum Vesturíslendingum rökræða hverjir þeir væru og ekki síður hverjir þeir ættu að vera sem þegar í nýju landi. Umræðurnar endurspegla því mótun sjálfsmyndar og hlutverk tungumálsins í þeirri mótun. Í þessu erindi eru átakalínurnar dregnar fram og staða íslenskunnar innan þeirra gerð skil auk þess sem umræðan um stöðu íslenskunnar er sett í samhengi við nýlegar rannsóknir á sjálfsmynd Vesturíslendinga í dag, á tíma þegar tungumálið er að mestu leyti horfið úr íslenska samfélaginu.

*Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri,
kristinj@unak.is*

MÁLSTOFA 5 M102 LÝÐRÆÐI OG TRAUST

Er gjá á milli þings og þjóðar?

Grundvallarprinsipp lýðræðis er að valdið liggi hjá fólkinu, en í fulltrúalýðræði er það útfært með því að fólkið gefur kjörnum fulltrúum umboð í kosningum á nokkurra ára fresti til að fara með þetta vald. Þetta vekur upp margar spurningar um hvert sambandið á milli fólksins og kjörinna fulltrúa eigi að vera og hvernig það er í raun. Í fulltrúalýðræði snýst þessi umræða í grunninn um hvað felst í því umboði sem kjósendur veita kjörnum fulltrúum með atkvæði sínu. Það gefur auga leið að kjörnir fulltrúar hafa ekki tök á að vita hver er vilji þjóðar í öllum málum. Jafnframt er í langfæstum tilvikum hægt að tala um einn þjóðarvilja, þar sem kjósendur hafa ólíkar skoðanir á mörgum mikilvægum málum á vettvangi stjórn mála. Kjósendur eru ólíkir innbyrðis og í mörgum málum er ekki um einn sameiginlegan vilja kjósenda að ræða. Þrátt fyrir þetta er mikilvægt að ákvarðanataka stjórnvalda taki mið af væntingum og vilja ólíkra hópa kjósenda. Í þessu erindi verður tekið fyrir hver tengslin eru á milli stjórnmalafólks og kjósenda, sem er mikilvægt grunnstef í fulltrúalýðræði sem felur í sér að fólkið gefur stjórnmalafólki og flokkum umboð til að taka ákvarðanir sem fulltrúar fólksins. Fjallað verður um afstöðu stjórnmalafólks til þess hvert hlutverk kjörinna fulltrúa eigi að vera þegar það kemur að vilja hvers það á að hafa leiðarljósi við ákvarðanatöku og fulltrúar hveira þau telja sig vera. Í verða greint hversu mikið samræmi er í málefna- og hugmyndafræðilegum áherslum stjórnmalaflokkanna og kjósenda þeirra.

Eva H. Önnudóttir, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, eho@hi.is

Vitnisburður og traust í “skautuðu” samfélagi

(Verk í vinnslu): Í mastersverkefni mínu í heimspeki við St. Andrews háskóla mun ég einbeita mér að ábyrgð einstaklings í því að treysta á vitnisburð annarra. Ráðstefnan fjallar um skautun, og skautun er hluti því „þekkingarfræðilega umhverfi“ sem við búum við, ef svo mætti að orði komast. Verkefni mitt mun nýta sér þverfaglegar rannsóknir um skautun, frá sálfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði en fyrst og fremst heimspeki. Hið þekkingarfræðilega umhverfi sem við búum við spilar lykilþátt í skoðanamyndun einstaklingsins. Hvernig einstaklingar ákveða hverjum þeir eiga að treysta (og vantroysta) fyrir þekkingarmyndun í „ófullkomnu“ þekkingarfræðilegu umhverfi varpar miklu ljósi á það hvernig skautun mótast. Mínar rannsóknir munu nýta sér tól heimspekinnar til þess að reyna að gera grein fyrir trausti einstaklinga á vitnisburði annarra. Þetta er tvíþætt. Annars vegar verður reynt að gera grein fyrir því hvernig slæmar „þekkingarverur“ ákvarða hverjum þeir treysta og vantroysta. Hins vegar mun sú spurning varpa ljósi á það hvernig einstaklingar í samfélagi eiga að meta vitnisburð annarra. Í því að svara þessum tveimur spurningum mun ég draga ályktanir um það hvers konar lærdóm við, í íslensku samfélagi, getum dregið. Verkefnið sem standa okkur frammi fyrir eru annars; hvernig við sættum skautun í íslensku samfélagi; og hins vegar hvernig við komum í veg fyrir hana. Heimspekin mun spila stórt hlutverk í því hvernig við mætum þessum verkefnum.

Bolli Steinn Huginsson, meistaranemi, University of St. Andrews, bsh1@st-andrews.ac.uk

Vopnvæðing samsæriskenninga

Via widespread disinformation campaigns, populist politicians have weaponized a range of conspiracy theories for their own gain in recent years, leading to disruption in contemporary politics. Few examples: In the US Donald Trump promoted the Deep State conspiracy theory for appealing to his supporters to act in his defence. In Russia, Vladimir Putin applied anti-Western conspiracy theories as a pretext for the invasion of Ukraine. In several Western European countries, the Eurabia conspiracy theory has been activated for stoking actions against those that are deemed being dangerous others. Studies have found conspiracy theories to be a catalyst for extremism.

The rapid rise of right-wing populist political parties coincided with the simultaneous increased spread of conspiracy theories. Populism has as now well-gone mainstream. It can thus be argued that we have entered the era of the populist – the conspiratorial populist. Both conspiracy theories and populism are now deeply integrated into contemporary democratic politics. Studies have shown that being exposed to conspiracy theories decreases

trust in government institutions. Thus, the increased spread of CTs can undermine democracy and social trust. It is thus timely to explore how populists can weaponize contemporary conspiracy theories for their own political gain.

Eiríkur Bergmann, prófessor, Félagsvísindadeild, Háskólinn á Bifröst, eirikur@bifrost.is

Er misskiptingin lögmæt? Skynjun almennings á félagslegu og persónulegu réttlæti

Erindið kallast beinlínis á við yfirþema ráðstefnunnar („Skautun í íslensku samfélagi“) með því að fjalla á breiðan hátt um hvernig íslenskur almenningur skynjar lögmæti misskiptingarinnar í samtímanum. Reifaðar verða kenningar um efnið og settar fram spurningar um hvernig skynjun almennings sé að þróast. Í seinni hluta erindisins verða ýmis spurningalistagögn notuð til þess að skoða hvort orðið hafi verulegar breytingar á lögmætisskynjun íslensks almennings undanfarna áratugi. Í þessu skyni verða skoðuð gögn um skynjun almennings bæði á almennu lögmæti misskiptingarinnar (þ.e. hvort þeir telji samfélagið vera réttlátt) en líka á persónulegu lögmæti (þ.e. hvort þeir telji sína eigin þjóðfélagsstöðu réttláta). Þá verður skoðað hvaða hópar í samfélaginu helst upplifa félagslegt og persónulegt óréttlæti og gögn verða reifuð sem varpað geta ljósi á helstu skýringar á þessum hópamun.

Jón Gunnar Bernburg, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, bernburg@hi.is

MÁLSTOFA 6 M203 MENNTAMÁL II

Performing the Norm in the Global North: Migrant Parents' Positions and Participation within Icelandic Schools

Parental involvement, presented as a normative construct, is widely considered a key strategy important to educational inclusion and democratic citizenship. Yet, migrant parents continue to experience exclusion within national educational settings world-wide. This study focused on the positions and participation of 14 immigrant and refugee parents within Icelandic schools. Findings suggest that regardless of the kind or level of parental involvement practiced, all the parents were affected by positional boundaries in relation to their parenting practices whereby many struggled to become involved only to find their knowledge and experiences invalidated. They e Such internal exclusion, based on a strong

binary division between natives and newcomers, occurs in sharp contrast to the inclusive and democratic citizenship ideals presented as part of Icelandic educational policy. Moreover, it works against parents' hopes for the Icelandic school to underpin their children's and their own inclusive futures. We suggest applying Arendt's metaphor of visiting as a way to disrupt the unequal binary power dynamics and normative understandings of parent practices observed in our study and to rethink the process of parental involvement and inclusion within education. Practically, visiting could be expressed through moments of micro-affirmation. That is, acknowledgement of another person's value on the basis of communication, cooperation and participation; the three fundamental aspects of parent involvement.

Eva Harðardóttir, aðjúnkt, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, evahar@hi.is

Elizabeth B. Lay, doktorsnemi, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, elizabeth@hi.is

Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, brm@hi.is

Menntapólitísk átök um lestur lestrarkennslu

Á undanförunum áratug hefur lestur og lestrarkennsla borið mjög reglulega á góma í samfélaginu. Rót umræðunnar er af ýmsum toga en eitt helsta hreyfiaflið er slök frammistaða íslenskra ungmenna í alþjóðlegum mælingum (PISA) er varða lesskilning, náttúrufræði og stærðfræði. Þrátt fyrir að PISA prófin nái til unglíngastígs grunnskóla hverfist umræðan héraendis þó helst um lestur og lestrarkennslu á mörkum leik- og grunnskóla.

Í umræðunni hefur verið tekist á og vísað fjörlega í rannsóknir og ýmis fræði. Sumir þátttakenda hafa lýst afstöðu sinni sem afkvæmi „fremstu vísinda“ þar sem áhersla er lögð á að nota „réttar“ aðferðir í skólastarfi. Átökin snúast m.a. um mismunandi fræðasýn, aðferðafræði og aðferðir og að mörgu leyti eru þau eftirmál eldfimrar umræðu um lestur og lestrarkennslu haustið 2015 þegar sérstöku þjóðarátaki um læsi var ýtt úr vör. Umræðan er gjarnan menntapólitísk, borin uppi af ólíkum aðilum, allt frá fræðafólki af ýmsum fræðasviðum, til sérfræðinga á sviði læsis og aðila sem taka beinan þátt í skólastarfi. Á köflum nær hún til almennings, ratar oft í fjölmiðla og jafnvel í umræðu á alþingi.

Átökin endurpegla skautun í íslensku samfélagi og svo langt hafa þau gengið að kallað hefur verið eftir því að tiltekin lestrarkennsluáðferð verði innleidd í aðalnámskrá grunnskóla og höfð að leiðarljósi í skólastarfi á kostnað annarra aðferða. Þar með beinast átökin einnig að faglegu sjálfstæði skóla og kennara.

Í málstofunni verður lögð áhersla á að skýra helstu menntapólitísku þræðina sem einkenna þessa umræðu og átök um lestur og lestrarkennslu.

Guðmundur Engilbertsson, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, ge@unak.is

Ætli þetta sé ekki prentvilla? Orðræða leikskólafólks um viðhorf til leikskólans á tímum Covid

Leikskólakennarar hafa í gegnum tíðina upplifað ákveðna skautun gagnvart fagmennsku þeirra og starfi sem ekki síst birtist í togstreitu á milli þess að litið sé á leikskólann sem menntastofnun eða sem þjónustustofnun. Þetta kristallaðist í sumum ákvörðunum og umræðum sem áttu sér stað um leikskóla á Covid tímabilinu og mátti meðal annars sjá á samræðum leikskólafólks í fjölmönnum faghóp á facebook. Tilgangur rannsóknar var að skoða orðræðu leikskólafólksins í kjölfar ákvarðana stjórnvalda og setja í samhengi við opinber skjöl og fréttlaflutning. Markmiðið var að greina viðhorf til leikskólans og hlutverksins sem hann gegnir í samfélaginu. Unnið er með þrjá hápunkta sem mynduðust, fyrsti þegar samkomubann var sett á í mars 2020, næst þegar þriðja bylgja Covid brast á í október sama ár og síðast þegar nýjar samkomutakmarkanir tóku gildi í mars 2021. Rýnt var í viðhorf, hugmyndir og tilfinningar voru ráðandi í orðanotkun, hugtökum, lýsingum og myndlíkingum.

Niðurstöður sýndu ákveðna jákvæðni fyrst sem minnkaði eftir því sem á leið og undir lokin voru dýpri neikvæðar tilfinningar ríkjandi. Þrástef í umræðunni voru meðal annars menntahlutverk leikskóla, virðing fyrir starfinu sem þar fer fram og skilningur á starfsemi leikskóla. Af umræðunni má draga þá ályktanir að leikskólafólk telur tilhneigingu til að horfa fram hjá menntahlutverki leikskóla þegar á reynir, því finnst starfinu ekki alltaf sýnd nægileg virðing og að fólk utan skólanna hafa lítinn skilning á starfinu sem þar fer fram.

*Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri,
annaelisa@unak.is*

Skautun eða aukinn samhljómur í íslensku skólakerfi samkvæmt PISA 2000 til 2018

Fjallað er um hvort skautun hafi orðið meðal íslenskra grunnskóla síðustu tvo áratugi. Menntamálastofnun hefur lýst því að aðgreining sé lítil milli grunnskóla og hana sé almennt að finna innan þeirra. Fræðafólk hefur greint verulegan mun á nemendum eftir menntun foreldra þeirra og því hefur verið lýst að skautun hafi átt sér stað í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að stefnumótendur hafi upplýsingar um hvort grunnskólar á Íslandi séu nú ólíkari hver öðrum en þeir áður voru eða hvort þeir verða jafnvel líkari hver öðrum þegar tímar líða. Hér er athugað hvort hægt sé að tala um skautun í íslensku skólakerfi út frá gögnum PISA rannsóknarverkefnis Efnahags og framfarastofnunarinnar í París (OECD) frá aldamótum til 2018. Reiknuð er hver vísitala félags og efnahagslegrar samlögunar (e. index of socio-economic inclusion) (FES) eins og OECD skilgreinir þann mælikvarða fyrir aðgreiningu innan skólakerfa. FES segir til um hversu líkir að ólíkir skólarnir eru hver öðrum. Í skólakerfi sem er algerlega aðgreint væri

gildið 0 en í skólakerfi þar sem enginn munur er milli skóla væri það 1. Athugað er hvort breytingar á þessum stuðli tengist búsetu nemenda, lesskilningi þeirra og læsi á stærðfræði, ásamt því hvort þættir sem mæla menningarauð og efnahagsauð foreldra geti skýrt mögulegar breytingar á tímabilinu. Niðurstöðurnar verða kynntar í erindinu.

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, thorlakur@unak.is

MÁLSTOFA 7 M101 ORÐ OG ÁHRIF II

Byltingarsinnaða bómullarkynslóðin

Hvað geta íslenskar barna- og unglingabækur sagt okkur um samfélagsástandið? Stuttu svarið er: Býsna margt. Þegar rýnt er í bókaútgáfuna má sjá að samfélagsleg orðræða, tíðarandi og hagsveiflur birtast í barna- og unglingabókum. Hvert bókaflóð endurspeglar átakalínur og jafnvel ótta næstu ára á undan. Þegar kafað er í nýleg bókaflóð má t.d. sjá barna- og unglingabækur sem hverfast um loftslagsvána, veika stöðu flóttafólks og transfólks og uppgang fasimsa. Hinn innbyggði lesandi er meðvitaður og virkur, enda í þjálfun fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi, eins og námskrár ætlast til. Ýmislegt bendir til þess að bækur fyrir börn og unglinga séu að verða róttækari hvað þetta varðar; bómullarkynslóðin sem sumir kalla svo til háðungar er byltingarsinnuð og djörf ef marka má bókmenntirnar. Loftslagsmótmæli á heimsvísu hafa kennt okkur að unga fólkíð sættir sig ekki við ástand mála og inn í þann veruleika skrifa barnabókahöfundar. Hér verður fjallað um nýlegar byltingarsinnaðar barnabækur þar sem stóru hugtökin eru undirliggjandi; uppgangur fasisma ásamt meðfylgjandi stéttaskiptingu og útlendingahatri. Staldráð verður sérstaklega við Draumapjófinn eftir Gunnar Helgason enda er hún nú orðin að vinsælastu sýningu leikársins í Þjóðleikhúsinu.

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, brynh@unak.is

Inngilding eða útskúfun? Orð hafa áhrif

Orð eru máttug og geta bitið sem vopn – það hafa markaðsfræðingar, stjórnmálamenn og harðstjórar og heimsins löngum vitað. Í fyrirlestrinum verður litið til þess hvernig beiting tungumáls getur leitt til skoðanamyndunar og skautunar – bæði inngildingar og útskúfunar – gagnvart mönnum og málefnum. Með dæmum úr bókmenntum og sögu sem og úr íslenskum samtíma verður athygli beint að því hvernig orðnotkun í garð einstaklinga og samfélagshópa, ekki síst kvenna, hefur haft skoðanamyndandi áhrif og þar með bæði

orsakað og viðhaldið smættun og mismunun. Litið verður til þess hvernig fjallað hefur verið um konur og verk þeirra, meðal annars í nýafstöðnum vinnudeilum Eflingar og SA. Þá verður einnig litið til þess hvernig umdeild nýyrði yfir tiltekna þjóðfélagshópa koma heim og saman við hugmyndir manna um inngildingu og útskúfun. „Orð eru til alls fyrst“ segir máltækið. Eru tungumálið og beiting þess kannski lykillinn að betra samfélagi?

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, prófessor og deildarforseti, Félagsvísindadeild, Háskólinn á Bifröst, olina@bifrost.is

Skautað yfir það sem skipir máli: Af umræðum um kynbundið ofbeldi

Undanfarin ár hefur Edda Falak verið áberandi í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi með hlaðvarpsþáttum sínum þar sem ýmsir þolendur hafa sagt frá reynslu sinni. Í mars síðastliðnum bárust fréttir af því að Edda hefði sagt ósatt fjölmiðlaviðtali um fyrri störf sín hjá fjármálafyrirtæki. Í kjölfarið mynduðust tvær fylkingar: annars vegar þau sem sögðu þetta sýna að Edda og öll hennar verk væru með öllu ómarktæk og hins vegar þau sem sögðu þetta ekki skipta máli fyrir baráttu Eddu gegn kynbundnu ofbeldi og ekki rýra trúverðugleika þeirra frásagna sem borist hefðu í gegnum hana.

Í þessum fyrirlestri verður þetta dæmi greint frá sjónarhóli femínískrar heimspeki og notað til að skoða hvað býr að baki skautun sem þessari. Hvers vegna fer svo oft svona fyrir umræðu sem tengist baráttu gegn kynbundnu ofbeldi? Til að hægt sé að greina þetta þarf að setja slíka baráttu í samhengi við fleiri mikilvæga þættir jafnréttisbaráttu, átök um völd í samfélaginu og kröfur um breytt valdahlutföll. Meðal þess sem kemur við sögu í fyrirlestrinum má nefna bakslagsviðbrögð við baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, þekkingarlegt misrétti, þöggun, ómeðvitaða fordóma og tilhneigingu okkar allra til að einfalda hluti sem eru flóknir.

Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, prófessor, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, eyjabryn@hi.is

Saga til næsta bæjar, heimamenn og hinir í valdatafli slúðurs.

Félagslegur styrkur lítilla samfélaga byggir oftast en ekki á samheldni íbúa og nálægð. Sú nálægð getur þó virkað sem félagslegt taumhald þar sem ákveðin hegðun verður tilefni til félagslegrar stjórnunar, slúðurs og skömmunar. Ungar konur búa oftast en ekki við þéttara félagslegt taumhald og harðari umræðu um ástarflíf þeirra og kynífshegðun. Þá eru málefni tengt kynferðisbrotum afar erfið í slíkum samfélögum þar sem nálægðin og samheldnin geta snúist upp í andhverfu sína. Þar verða mál geranda og þolanda að bitbeini sem lítil samfélög geta átt erfitt með að takast á við, þar sem ýmsir félagslegir þættir og fjölskyldutengsl ráða

för. Þar koma heimamenn og hinir sterklega inn í umræðu og valdaröðun í samfélaginu. Í doktorsrannsókn sinni hefur Gréta Bergrún Jóhannesdóttir tekið viðtöl við ungar konur í litlum samfélögum um líf þeirra í samfélaginu, og þá aðallega hvernig slúður virkar á þær og samfélagið sem þær búa í. Einnig eru þar viðtöl við brottfluttar konur frá litlum samfélögum.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, doktorsnemi, Félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, greta@unak.is

MÁLSTOFA 8 M102 SJÁVARÚTVEGUR OG UMHVERFI

Strategy Implementation Obstacles: Iceland Fishery CEO Perspectives

Empirical research on strategy implementation obstacles affecting specific industries is limited. Few studies have been conducted worldwide and none in Iceland, although Iceland is one of the world's leaders in fisheries, ranked 19th as a major marine capture producing country. Consequently, the aim of this research is to identify critical internal and external strategic obstacles faced by Icelandic fishery companies and to capture the perspective of CEOs in the fisheries industry. The generic attributes of these companies, as expressed by the CEOs, are compared with analogous studies. This empirical study consists of in-depth interviews with the CEOs of the largest fisheries' companies in Iceland. This study identifies two internal strategy implementation obstacles not identified in earlier studies: language barriers and a multicultural workforce. It also recognizes external obstacles not found in prior research, such as lack of governmental vision for the industry, hostile regulatory bodies and persistent changes to industry regulations, high political uncertainty, time-consuming lobbyism and, often, unsympathetic political and media discussion. The study has theoretical implications for academia, impacting strategy implementation in the Icelandic fishing industry and elsewhere. These findings can help policymakers and CEOs understand and minimize the influence of strategy implementation obstacles. It can serve as a reference point to create and plan more holistic policies supporting CEOs and policymakers in the fisheries to develop more efficient and profitable strategies. Furthermore, these findings can help policymakers to build consensus on fisheries management, benefitting the fishing industry and society.

Kristján Vigfússon, háskólakennari, Viðskiptadeild, Háskólinn í Reykjavík, kristjanv@ru.is

Reikningsskil og umhverfisstaðlar.

Reikningsskil hafa fram að þessu haft fjárhagslegar upplýsingar sem kjarnann í frásögn. Dæmi um þetta er rekstrar- og efnahagsreikningur. Textaskýringar eru nú orðinn kjarninn í reikningsskilum. Skýringarhlutinn getur verið 30 bls. á meðan rekstrar- og efnahagsreikningur o.fl. eru kannski 2-4 bls.

Umhverfisáhrif vegna rekstrar eru orðin jafnáhrifamikil og fjárhagslegar upplýsingar í reikningsskilum. Komið hefur fyrir að fjárfestar hafa ekki samþykkt ársreikninga vegna þess að upplýsingar um umhverfisáhrif hafi vantað. Alþjóðlegir umhverfisstaðlar eru nú gerðir af International Sustainability Standards Board (ISSB) sem er beintengt Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og International Accounting Standard Board (ISAB). Umhverfisstaðlar sem eru í vinnslu, m.a. IFRS 1S General Requirements for Disclosure of Sustainability-related Financial Information, IFRS 2S Climate-related Disclosures. Margir aðrir alþjóðlegir staðlar eru til staðar t.d. frá Sameinuðu þjóðunum, samtökum um umhverfisvernd o.fl.

Hvar skal þekking og reynsla vera staðsett í fyrirtækinu er varðar umhverfisstaðla er tengist gerð og framsetning reikningsskila? Á þessi þekking og reynsla að vera utan fyrirtækis? Þarf stjórn að hafa þessa þekkingu? Þarf endurskoðunarnefnd að hafa þessa þekkingu? Hvaða þekking er til staðar hjá endurskoðendum varðandi staðla um umhverfisáhrif? Gerð var könnun í nóvember 2022 meðal endurskoðenda með aðstoð FLE og spurt var um þekkingu á helstu alþjóða stöðlum er varðar umhverfisvernd og tenginu þeirra við reikningsskil. Í þessu erindi verður rætt um niðurstöður úr þessari könnun.

Lykilhugtök; Endurskoðunarnefndir, umhverfisstaðlar, þekking.

Einar Guðbjartsson, dósent, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, eg@hi.is

Jón Snorri Snorrason, dósent, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, jonsnorri@bifrost.is

Viðhorf til sjávarútvegs, höfuðborgarsvæði á móti landsbyggðum

Árið 2010 var rannsókn gerð á viðhorfi ungs fólks til sjávarútvegs. Könnunin var gerð vegna þess að fáir nemendur sóttu sjávarútvegsfræðinámið. Nú í vor var gerð viðamikil könnun á viðhorfi fólks til sjávarútvegs. Í þessum fyrirlestri verða kynntar grunnniðurstöður varðandi viðhorf yngsta aldurshópsins og greint hvort munur er milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og hvort greina má mun milli tímabila.

Hreiðar Þór Valtýsson, dósent, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, hreidar@unak.is

MÁLSTOFA 9 M203 MENNTAMÁL III

Predictors of Icelandic proficiency and satisfaction with language courses among immigrants in Iceland: Comparative analysis 2018 – 2023

Acquiring the local language is often considered a central aspect of immigrants' integration into a new society. We investigate predictors of Icelandic proficiency and satisfaction with language courses among immigrants in Iceland, drawing on data (N=2,139) collected in 2018 and a follow-up study focussing on immigrants' experiences with formal Icelandic language education conducted in winter 2021/2022 (N=970). Our findings are partially consistent with findings in other regions: Length of stay in Iceland, age and education are relevant predictors of language proficiency in Iceland. Immigrants in Iceland are rather dissatisfied with Icelandic courses and the number of language courses attended did not correlate with immigrants' self-reported Icelandic proficiency. As in the study from 2018, there was a significant difference between men's and women's Icelandic skills: Women rated their Icelandic skills better than men. However, contrary to the study of 2018, no gender differences were found in satisfaction with the courses. As in the study from 2018, there was no statistically significant difference in the satisfaction of immigrants living in different regions of the country with Icelandic courses.

Markus Meckl, prófessor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, markus@unak.is

Lara W. Hoffmann, nýdoktor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, laraw@unak.is

„We can't give you recommendation because we don't know you“

Í erindinu verður sagt frá völdum niðurstöðum úr viðtalsrannsókninni Raddir fólks með erlendan bakgrunn – inngilding í nám, starf og samfélag en verkefnið var unnið að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Norræns tengslanets um nám fullorðinna (NVL) í samstarfi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

Verkefnið fólst í því að greina þarfir ungs fólks með erlendan bakgrunn (18-35 ára) varðandi aðgengi að námi, vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins. Haldnir voru rýnifundir (hópviðtöl) á fimm stöðum á landinu með 5-8 viðmælendum frá febrúar – apríl. Viðtölin

voru að jafnaði ein og hálf klukkustund og tekin í húsnæði Símenntunarmiðstöðva sem aðstoðuðu við að koma á tengslum við viðmælendur. Viðtalsramminn fól í sér spurningar í þremur efnisflokkum: Nám – menntun; starf, og samfélag.

Fyrstu niðurstöður varðandi Nám og menntun benda til þess að þessi hópur sé í útilokandi stöðu í ljósi þess að þau skortir oft færni íslensku til að sækja nám á íslensku og á hinn bóginn er skortur á viðeigandi námsframboði á ensku. Ungmennin fara óformlegar leiðir frekar en formlegar til að fá starf oft en ekki í gegnum aðra innflytjendur sem fyrir eru og þekkja til og það sama á við um aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum, þau spyrja vin. Komandi frá öðru landi með enga sögu eða tengsl við Ísland er mikil hindrun í því að komast áfram í samfélagi sem gengur út að „maður þekki mann“.

Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, hermina@unak.is

Lara W. Hoffmann, nýdoktor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, laraw@unak.is

„Ég er í sama starfi en það er viðurkenningin“ Mikilvægi raunfærnimats fyrir manneskjuna og kerfi.

Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan menntakerfisins heldur við alls konar aðstæður. Hér er m.a. átt við nám sem iðulega er skipulagt innan skóla. Frá árinu 2007 hafa um 7300 manneskjur farið í gegnum mat á mikilvægri færni sem það hefur öðlast á vinnustað (raunfærnimat) og það vegið á móti námi í framhaldsskóla eða á móti viðmiðum starfa innan framhaldsfræðslunnar. Eitt af markmiðum raunfærnimats er að nálgast manneskjur 23 ára og eldri sem ekki hafa lokið framhaldsskóla en hafa að lágmarki þriggja ára starfsreynslu og styðja við þær inn í skólakerfið á ný þar sem þær hafa ekki fengið viðurkennda þá færni kerfið leggur upp með. Kynnt er rannsókn þar sem leitast var við að svara mikilvægum spurningum tengdar raunfærnimati. Hvaða forsendur lágu að baki að manneskjan lauk ekki námi? Hvernig virkar raunfærnimatið og hvernig er upplifunin af því? Hvaða ávinningi skilar raunfærnimat manneskjunnar, vinnumarkaðnum og menntakerfi, metið frá ólíkum sjónarhornum, m.a. til að jafna stöðu þeirra sem hallar á í samfélaginu? Rannsóknin fólst í því að taka viðtöl við 19 einstaklinga sem fóru í raunfærnimat á móti námi í framhaldsskóla og luku námi í framhaldinu. Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að ávinningur er margþættur hvort sem horft er til manneskjunnar, menntakerfisins eða atvinnulífsins og samspil allra þessar þátta er mikilvægt.

Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og aðjúnt, Háskóli Íslands, betty@frae.is

Menntun eða úrræði? Stefnumótun ríkisins um fullorðinsfræðslu í fortíð, nútíð og framtíð

Í þessu erindi verður fjallað um markmið og hlutverk fullorðinsfræðslu í stefnumótun íslenska ríkisins út frá sögulegu sjónarhorni, framtíðaráherslum og núverandi stöðu. Gögnin sem liggja til grundvallar er stefnuskjöl frá stjórnvöldum og nýlegar framtíðarskýrslur um menntun frá UNESCO og OECD. Greint er hvernig áherslur í lagafrumvörpum fyrir fullorðinsfræðslu hafa þróast, varðandi tilgang og gildi menntunar fyrir einstakling og samfélag, út frá hugtökum eins og markaðs- og tæknihyggju (e. instrumentalism), jafnrétti til náms og folkbildung. Áhugavert er skoða hvernig þessar pólur takast í orðræðu um fullorðinsfræðslu í dag bæði hér á landi og víðar t.d. í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna, aukið aðgengi að upplýsingum, áherslum atvinnulífsins, þörfum einstaklinga og ekki síst hver þörfin er fyrir land og þjóð. Velt er upp þeirri spurningu hvort fullorðinsfræðslukerfið eigi að vera fimmta stoð menntakerfisins og hvað skorti á í núverandi lagarömmum og hvað megi nýta úr eldri og nýrri hugmyndum til að svo

Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, brm@hi.is

Helgi Þorbjörn Svavarsson, doktorsnemi, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands og verkefnastjóri, Símei símennunarmiðstöð, helgihorn@gmail.com

MÁLSTOFA 10 M202 ÓJÖFNUÐUR

Growing Inequality in Nordic Education Achievement: Examining the Nordic Paradox

The Nordic welfare states, which include Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden, are known for their comprehensive and generous social welfare policies. These policies include progressive taxation, universal health care, and extensive public support for education and gender equality. Despite these efforts, however, the Nordic welfare states continue to face challenges in achieving equality in physical and mental health outcomes, including disparities in mortality between socio-economic groups, and high prevalence in intimate partner violence despite consistently top ranking gender equality lists, a paradox that has come to be known as the Nordic paradox.

I will show how this Nordic paradox is also apparent in education regarding educational achievement. Using the data from the PISA study from 2000 to 2018 I show how performance is related to socio-economic and class background of 15-year-old children. I

will use the PISA index of economic, social, and cultural status, and class and educational attainment. Data are analysed by quantile and OLS regression.

Former claims regarding Icelandic exceptionalism regarding equality of opportunity are questioned, and no Nordic exceptionalism is seen regarding inequality in education achievement. Our findings indicate that Iceland and Finland have experienced a consistent and significant growth in educational inequality since the initial PISA study in 2000.

Helgi Eiríkur Eyjólfsson, doktorsnemi, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands,

Ageism in the Icelandic Labor Market

Abstract: With life expectancy growing, ageism has received increasing interest from researchers and the general public. This is understandable, as ageism can have many serious financial and health consequences for the victims of such discrimination. In this study we focus on ageism in the employment context by examining whether older applicants are evaluated differently than younger applicants and whether recruiters have negative intentions towards hiring older workers. We use a framed field experimental design that has recruiters with hiring experience as participants. Using this novel research design, we are also able to study the various recruiter traits and how these are related to ageism. Our results show that recruiters have less intention to hire older applicants compared to younger applicants. The results also show that older applicants are evaluated lower on physical fitness, health and attractiveness compared with younger applicants. Lastly, young, and less experienced recruiters showed more signs of ageism, whereas more experience recruiters and older recruiters showed no difference in intention to hire older or younger applicants. Implications for organizations are discussed, underscoring the need to train recruiters as well as implementing action focused on reducing ageism in hiring.

Kári Kristinsson, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, karik@hi.is

Jöfnuður í fiskveiðistjórnun: Réttlæti fyrir hvern? Justice for whom in Icelandic fisheries management?

A growing international scholarship engages with applied aspects of justice and equity in ocean governance. Equity is considered one of three pillars of sustainable development and sustainable fisheries management; however, different conceptions of justice can lead to polarizing values in fisheries systems and thereby conflicting goals and outcomes in ocean governance processes. This research uses the case of Icelandic small boat fisheries as part of a larger Horizon 2020 project called JUSTNORTH, focused on justice and equity in the

Arctic. This presentation will connect the theories of justice in the Arctic (i.e., liberalism, cosmopolitanism, feminism, socialism) to the applied research on the four forms (substantive, procedure, distribution, retribution) and aspects (who, what, when, where, how) of justice in Icelandic fisheries systems. The case study used semi-structured interviews with small-scale fishers and other relevant stakeholders to explore variations in definitions of justice. A value card exercise was developed with small-scale fishers to sort and rank important values related to small-scale fisheries, and a document review assessed how these values were considered in fisheries policies. Results reveal the multiple value systems operating in Icelandic fisheries systems and also within the small-scale fisheries. Future work is needed on exploring policy options that consider different justice definitions. The creation of a governance structure that involves reconciliation of the differing values related to fisheries is essential for sustainable fisheries management.

Catherine Chambers, rannsóknastjóri, Háskólasetur Vestfjarða, og deildarstjóri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, cat@uw.is

Fjárhagsstaða, heilsa og réttindabrot meðal jaðarsettra hópa á íslenskum vinnumarkaði

Á undanförunum áratugum hefur alþjóðavæðing efnahags- og atvinnulífs aukist og skapað rými fyrir meiri hreyfanleika fólks sem flytur á milli landa í leit að atvinnutækifærum og bættum lífskjörum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að skortur á heildstæðri stefnu stjórnvalda sem miðar að því að aðstoða innflytjendur við að aðlagast vinnumarkaði og samfélagsgerð áfangalandsins er ein helsta ástæða félags- og efnahagslegrar útilokunar innflytjenda og barna þeirra, sem gerir einnig að verkum að annarrar kynslóðar innflytjendur eiga á hættu að ganga ekki að sömu tækifærum og innfæddir.

Í ljósi þess hve lýðfræðileg samsetning íslensks samfélags hefur breyst ört á undanförunum árum, þar sem hlutfall innflytjenda er nú 20% af heildarmannfjölda, skiptir miklu máli að rannsóknir taki mið af breytttri samsetningu og skoði af meiri nákvæmni stöðu fólks af erlendum uppruna. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi á stöðu innflytjenda, sýna að það býr oft og tíðum við aðrar og verri aðstæður en þau sem eru innfædd. Markmið rannsóknarinnar er að greina stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi út frá gögnum sem Varða hefur aflað í könnuninni um stöðu launafólks. Könnunin notast við heildarþýðisúrtak og er skilgreint þýði félagsfólk í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Könnunin var lögð fyrir í febrúar og mars 2023 og svöruðu henni 14.195 félagar. Þar af voru innflytjendur 28,7% svarenda og 4,1% voru með erlendan bakgrunn. Í könnuninni var aflað ýtarlegra gagna um upprunaland, upprunaland foreldra og húðlit. Greint verður frá frumniðurstöðum um áhrif þessara þátta með tilliti til fjárhagsstöðu, andlegrar líðan, starfstengdrar kulnunar og réttindabrota á vinnumarkaði.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri, Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins,
kristin@rannvinn.is

Hefur starfsfólk leikskóla og grunnskóla það jafn gott sama hjá hvaða sveitarfélagi það starfar hjá?

Fjárhagur íslenskra sveitarfélaga hefur mikið verið til umræðu á síðustu misserum enda er fjárhagsstaða margra þeirra ekki nægilega góð en þó verða þau að sinna þeim málaflokkum sem þeim er falið. Fræðslumál eru einn stærsti og þýðingarmesti málaflokkur sem íslensk sveitarfélög annast og eru þau í sífelldri þróun. Sveitarfélög verja um það bil helmingi útgjalda sinna í rekstur leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og aðra margvíslega fræðslustarfsemi. Langflestir leikskólakennarar og grunnskólakennarar á Íslandi starfa hjá sveitarfélögunum og því er athyglivert að skoða hvort að og hvernig fjárhagur sveitarfélaga hafi áhrif á vinnuumhverfi leik- og grunnskólakennara. Einkum ef haft er í huga að líðan leik- og grunnskólakennara í starfi snertir ekki bara þá heldur allt samfélagið, enda sjá þeir um að mennta, þroska og efla komandi kynslóðir.

Í erindinu verður fjallað vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla og grunnskóla hjá nokkrum íslenskum sveitarfélögum og skoðað hvort og hvernig fjárhagsstaða sveitarfélaganna hafi áhrif á það vinnuumhverfi sem þau bjóða starfsfólki sínu í leik- og grunnskólum upp á.

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri,
hjordis@unak.is

MÁLSTOFA 11 M101 RÍKI OG SVEITARFÉLÖG

Áhrif skipulagsbreytinga í stjórnarráðinu á framvindu stefnu stjórnvalda

Í þessari rannsókn er hugað tveimur dæmum um stefnu stjórnvalda. Annars vegar er það nýsköpunarstefna stjórnvalda og hins vegar er það klasastefna stjórnvalda. Ný stefna stjórnvalda á sviði nýsköpunar var kynnt þ. 4. október, 2019, af Þórdísi Kolbrúnu Reykjavörð Gylfadóttur nýsköpunarráðherra. Ráðuneyti hennar var þá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sbr. forsiðuna á stefnuskjalinu sem bar heitið Nýsköpunarlandið Ísland. Á vefsíðu stjórnarráðsins þ. 21. mars, 2023, má sjá að stefnan er á ábyrgð Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins. Sömu sögu er að segja um Klasastefnu fyrir Ísland. Á vef stjórnarráðsins má sjá frétt um kynningu á nýrri klasastefnu, þ. 12 mars, 2021, þar sem Þórdís Kolbrún Reykjavörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fylgdi stefnunni úr hlaði. Á forsiðu stefnuskjalsins er vísað til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en skv. vef stjórnarráðsins þ. 21. mars, 2023, er fréttin tengd við

Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið. Bæði nýsköpunarstefnu- og klasastefnu stjórnvalda var gert hátt undir höfði í þessum kynningum: “Nýsköpun er ekki lúxus heldur nauðsyn” segir í fyrirsögn fréttar og í frétt um klasastefnu segir að stefnan sé “mikilvæg stoð fyrir samkeppnishæfni og verðmætasköpun”. Bæði stefnuskjölin fjalla um áherslur stjórnvalda í “nýsköpunarvistkerfi atvinnulífsins”. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið tók til starfa 1. febrúar, 2022, og spurt er hvort og þá hvernig skipulagsbreytingar á ráðuneyti nýsköpunarmála hafi haft áhrif á framkvæmd og framvindu stefnu innan málaflokksins?

Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, rsmari@hi.is

Sameiningar dreifbýlissveitarfélaga og þjónusta

Ábati af sameiningum sveitarfélaga hefur verið mikið rannsakaður erlendis sem og hérlendis og niðurstöður þeirra verið ákaflega misvísandi. Sumar þeirra sýna fram á ábata en aðrar ekki. Í einni innlendri rannsókn, sem annar höfunda tók þátt í, kom m.a. fram að óánægja væri meiri með þjónustu sveitarfélagsins eftir sameiningu í þeim hluta þess sem er lengst frá þjónustukjarna þess og þá einkum til sveita. En er mögulegt að þjónusta hafi batnað í öllu sveitarfélaginu eftir sameiningu þrátt fyrir þetta? Hér verður gerð tilraun til að svara því. Í þessu erindi verður skoðað hvort íbúar í hreinum dreifbýlissveitarfélögum séu ánægðari með sín sveitarfélög og þjónustu þeirra en íbúar í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga. Blönduð sveitarfélög eru þau sem búsetu er bæði að finna í dreifbýli og þéttbýli. Með þessu verður gerð tilraun til að skoða hvers minni dreifbýlissveitarfélög mættu vænta við sameiningar við stærri sveitarfélög og inn í blandað sveitarfélag. Byggt verður á gögnum íbúakönnunar landshlutanna frá 2016, 2017 og 2020 þar sem tæplega 17.000 tóku þátt á öllu landinu.

Bjarki Þór Grönfeldt, lektor, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, bjarkisig@bifrost.is

Vífill Karlsson, dósent, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, vifill@unak.is

Mikilvægi klasaframtaks í klasaþróunarstarfi – dæmi úr klasastarfi

Í þessari rannsókn er hugað dæmum úr klasastarfi á Íslandi. Tekin eru dæmi af héraðsklösum og klösum sem ná yfir landið allt. Vikið er að upphafi klasastarfs á Íslandi og samspili klasatengds starfs við þá vaxtarsamninga sem voru gerðir á milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og atvinnuþróunarfélaga út um land á árunum 2004-2013. Einnig er vikið að þróuninni á klasatengdu starfi á Íslandi sem hófst með Íslenska

jarðvarmaklasanum, Íslenska sjávarklasanum og Íslenska ferðaklasanum á árunum eftir hrun fjármálakerfisins, þ.e. frá árinu 2010 til dagsins í dag. Jafnframt er vikið að áherslum hins opinbera í tengslum við klasastarfið. Þessi þróun er skoðuð í ljósi fræða um klasa og klasaþróunarstarf og jafnframt í ljósi fræða um “triple helix”, auk nýrra kenninga um vistkerfi nýsköpunar. Spurt er um mikilvægi klasaframtaks (e. cluster initiative) í klasaþróunarstarfi (e. cluster development) og hvað helst hafi einkennt þróunina á Íslandi á þessu sviði. Hver er staðan í dag og hvað er framundan í klasaþróunarstarfi á Íslandi?

Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, rsmari@hi.is

Átaksverkefni til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Strategíur - átakalínur – árangur.

Tvö yfirgripsmikil átaksverkefni til sameiningar sveitarfélaga hafa verið reynd Íslandi og mögulega eitt í viðbót sem telja mætti yfirgripsminna. Það fyrsta hófst 1991 og lauk 1993, og það síðara frá 2003 sem lauk 2005. Verkefni þessarar greinar er að greina áætlanir sem notaðar voru við þessar umbætur, átökin sem komu upp og niðurstöður og hvernig þær tengjast. Rammi um landsvæðisumbætur sem Baldersheim og Rose kynntu árið 2010, um hvernig áætlanir geta mótað átök sem koma upp sem og niðurstöður umbótanna, verður notaður við greiningu á þessum tveimur skipulagsumbótum. Ég nýti mér gögn úr skýrslum stjórnvalda, opinber gögn um atkvæðagreiðslur sveitarfélaga og könnun sem gerð var árið 1994 auk matsskýrslu. Helsta niðurstaðan er sú að báðar þessar umbætur snerust ofan frá, sem stuðlaði að mikilli mótspyrnu, sérstaklega í litlum sveitarfélögum og jaðarsveitarfélögum. Báðar umbæturnar náðu hámarki í þjóðaratkvæðagreiðslum sem báru engan árangur – fyrst og fremst greiddu litlu sveitarfélögin atkvæði gegn sameiningu. Í báðum umbótunum studdi Samband íslenskra sveitarfélaga þá nálgun stjórnvalda ofan frá og niður til að reyna að hrinda í framkvæmd víðtækum sameiningarumbótum á meðan flest smærri aðildarsveitarfélögin voru á móti sameiningum. Greinin útskýrir hvernig innra skipulag samtakanna hefur skapað þessa þverstæðu. Þrátt fyrir mjög takmarkaðan árangur í þjóðaratkvæðagreiðslunum 1993 og 2005 sýna eftirmálar þjóðaratkvæðagreiðslunnar 1993 að tilraunin til að sannfæra litlu sveitarfélögin um að sameinast óbeint leiddi til snjófjóðs frjálsra sameiningar á árunum 1994 – 2002 þar sem Sveitarfélögum fækkaði úr 196 í 105.

Lykilorð: Sameiningar, áætlanir, átök, niðurstöður, ofan frá, neðan frá og upp.

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, gretar@unak.is

Hvernig er hægt að efla Austurland sem landshluta? – ein framtíðarmynd af Austurlandi

Austurland er landshluti sem ætti að geta blómstrað. Austurland er að sumu leyti á besta stað á Íslandi, landshlutinn sem er næst Evrópu og landshlutinn þar sem sumarveðrið verður hvað best. Austurland hefur bæði víðattumikil landsvæði sem og þrönga firði á milli brattrra fjalla. Þrátt fyrir þetta glímur landshlutinn við ýmis vandamál. Í erindinu verður mest fjallað um samgöngur innan Austurlands og hvaða vegaframkvæmdir eru til skoðunar til að bæta þær og niðurstöður rannsókna þar að lútandi. Einnig er fjallað um möguleika á stækkun þéttbýliskjarna, sérstaklega Egilsstaða og hvort Egilsstaðir gætu hugsanlega orðið ein af smáborgum framtíðarinnar á Íslandi. Ferðaþjónusta kemur við sögu sem og orkumál.

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, jthh@unak.is

Umhverfisþættir sem hluti af aðdráttaraflí smærri byggða á Íslandi

Hvað heldur fólki í dreifðum byggðum landsins og hvað laðar nýja íbúa að þeim svæðum? Aðdráttarafl (e. attractiveness) er hugtak sem hefur fengið aukið vægi í umræðu um byggðamál, en það vísar til þátta sem gera staði að eftirsóknarverðum búsetuvalkostum. Samkvæmt erlendum rannsóknum hefur vægi umhverfisþátta í búsetuvali fólks aukist, ásamt því að mikil umræða hefur átt sér stað um umhverfismál í tengslum við loftslagsvandann. Í þessari grein er sjónum beint að staðbundnum umhverfisþáttum sem fólk metur sem mikilvæga fyrir áframhaldandi búsetu. Í fyrri grein Vífils Karlssonar (2021) kom fram að aðdráttarafl dreifbýlis hvíli helst á aðgengi að fjölbreyttu, óspilltu og hreinu umhverfi ásamt kyrrð og ró. Í þessari grein er unnið áfram með þær niðurstöður og byggt á nýjum gögnum (um 11.000 þátttakendur). Í ljós kom að þátttakendur búsettir í fámennum byggðalögum leggja meiri áherslu en íbúar stærri byggðakjarna á þætti eins og loftgæði, snyrtilegt umhverfi og umhverfisþætti almennt. Niðurstöðurnar benda til þess að umhverfisþættir séu lykilatriði í hugum íbúa í fámennum byggðalögum um allt land: Í fámennum samfélögum eru hlutfallslega fleiri sem láta sig umhverfismál varða en í þeim fjölmennari á þann hátt að umhverfismál eru þeim mikilvægari þar sem þeir búa. Íbúar fámennari samfélaga héraendis eru jafnframt ánægðari með stöðu umhverfismála þar sem þeir búa en íbúar fjölmennari samfélaga. Minni sveitarfélög geta því notað aðgengi að óspilltri og heilnæmri náttúru í markaðssetningu sinni og þannig aukið aðdráttarafl síns samfélags og laðað að fólk úr stærri sveitarfélögum sem vill njóta þessara umhverfisþátta.



Vífill Karlsson, dósent, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri,
vifill@unak.is

Bjarki Þór Grönfeldt, lektor, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, bjarkisig@bifrost.is

„Langt í burtu frá hverju?“ Rýnt í nálægð og fjarlægð í opinberri umræðu um íslenskar landsbyggðir

Í þessu erindi verður greint frá fyrstu niðurstöðum yfirstandandi greiningar á því hvernig íslenskar landsbyggðir hafa birst í opinberri og almennri umfjöllun. Greiningin byggir á kenningarlegum ramma um dagskrárvald (e. Agenda Settings) en það snýst um getu fjölmiðla og hins opinbera til að hafa áhrif á hvaða málefni birtast í hringiðu opinberrar umræðu - það er að segja: á dagskrá almennasýmisins. Við greininguna er beitt aðferðum lýsandi tíðnigreiningar auk innihaldsgreiningar og þemagreiningar.

Rannsóknin er einn hluti doktorsverkefnis höfundar þar sem til rannsóknar eru tengsl staðarmyndunar, ferðamennsku og annars hreyfanleika á jaðarsvæðum, með hina fámennu Melrakkaslétu sem tilvikssvæði. Á meðan meginþungi doktorsrannsóknar snýst um að fanga tilurð og einkenni staðarins Melrakkaslétu með orðum og upplifun heimamanna, er áhersla þess hluta sem þetta erindi tekur til, að skoða birtingarmyndir og nálægð eða fjarlægð svæðisins í hinu opinbera almannarými.

Til greiningar er umfjöllun íslenskra fjölmiðla og umræður á Alþingi auk þess sem tenging meginrannsóknar við kenningar ferðamálafræða gera raddir gesta forvitnilegar. Til að fanga þær er því jafnframt rýnt í ummæli og myllumerki á samfélagsmiðlum.

Þórný Barðadóttir, sérfræðingur, Rannsóknamiðstöð ferðamála, thorny@rmf.is

„Nú var þessi fógeti víst föðurnefnan þín...“ Byggðastefna og þéttbýli á Íslandi

Saga þéttbýlis á Íslands er stundum talin hafa hafist með stofnun Innréttinganna eða „Hans Majestæt Høystsalign Kong Friderich den 5. stiftede Indretninger“ með miðstöð í Reykjavík um miðja 18. öld. Fram að þeim tíma byggði íslenskt samfélag mikið á sjálfsþurftarþúskaþótt stórbýli gætu verið mannmörg, víða um land væru verslunarstaðir starfræktir yfir sumarmánuðina og landsmenn hefðu um aldir verið háðir ákveðnum innflutningsvörum. Innréttingarnar urðu til sem framtak embættismanna á Íslandi í samvinnu og með tilstyrk dönsku krúnunnar. Verkefnið líkist þannig ýmsum byggðapróunarverkefnum samtímans sem byggja á samstarfi opinberra aðila við einkaaðila (e. public-private partnership) í heimabyggð. Innréttingarnar skiluðu aldrei arði til fjárfesta, enda var meginmarkmið þeirra að byggja upp landshagi með nýjum stöðum atvinnu víða um land - og þar með hafa áhrif

byggðapróun á Íslandi. Þegar Innréttingarnar lögðust af árið 1803 voru íbúar Reykjavíkur orðnir ríflega þrjú hundruð talsins. Í þorpinu og nágrenni þess höfðu jafnframt safnast saman helstu embætti og stofnanir landsins, svo sem Landfógeti, Landlæknir og Biskup Íslands, Hólavallaskóli, Landsyferréttur og Prentsmiðjan í Viðey. Með þessu var grunnurinn lagður að vexti Reykjavíkur á 19. öld og höfuðborgarasvæðisins á 20. öld, sem og umbreytingu íslands frá því að vera afskekkt og vanþróað sveitasamfélag innan danska konungsríkisins á 18. öld yfir í sjálfstætt og fjölbreytt upplýsingasamfélag á 21. öldinni. Í þessu erindi verður metið að hvaða marki heildstæð byggðastefna hafi legið til grundvallar stofnunar Innréttinganna og hvort líta megi á þróun íslensks samfélags síðustu tvær og hálfu öldina sem árangur markvissrar byggðastefnu sem mótuð var á 18. öld.

Þóroddur Bjarnason, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands og Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, thoroddur@hi.is

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, Þjóðskjalasafn Íslands. upplýsingar@skjalasafn.is

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor og sviðsforseti, Hugvísindasvið, Háskóli Íslands, olofgard@hi.is

MÁLSTOFA 13 M203 VINNUMARKAÐUR OG STJÓRNENDUR

Viðbrögð íslenskra fatafyrirtækja í heimsfaraldri

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða viðbrögð íslenskra fatafyrirtækja í heimsfaraldri (COVID19), bæði framleiðenda og söluaðila, og draga fram upplifun og reynslu stjórnenda af því að takast á við heimsfaraldur í samkeppnisumhverfi. Markmiðið var að meta aðgerðir stjórnenda við erfiðar og krefjandi ytri aðstæður sem neyddu þá til að kollvarpa starfsemi fyrirtækja sinna og breytast í stafrænar verslanir með tilheyrandi breytingum á ferlum og innviðum. Einnig var reynt að meta hvort að fyrirtækin hefðu öðlast aukna færni í gegnum umbreytingarferlið, í hverju sú færni fælist helst og hvort líklegt væri að sú breyting innan fyrirtækjanna geri þau þjónustulíprari og samkeppnishæfari.

Rannsóknarsniðið byggir á viðtalsrannsókn sem framkvæmd var ágúst-desember 2022. Viðmælendur voru átta stjórnendur íslenskra fyrirtækja sem starfrækja verslanir á innlendum fatamarkaði, Við úrvinnslu þeirra var notast við þemagreiningu og opna kóðun.

Niðurstöður sýndu að aðgerðir stjórnenda snerust m.a. um að benda á mikilvægi þeirrar framtíðarsýnar að einblína á viðskiptavinum til að koma til móts við breyttar þarfir, skapa umhverfi fyrir nýsköpun, eflingu starfsanda og samheldni. Viðbrögð stjórnenda samræmast því sem áhersla er oftast lögð á í fyrri rannsóknum þegar fyrirtæki takast á við

breytingastjórnun á árangursríkan hátt. Viðmælendur töldu jafnframt að fyrirtækin hefðu öðlast aukna færni til að takast á við krefjandi ytri aðstæður og væru að veita betri þjónustu.

Þá benda niðurstöður rannsókna til þess að starfsmannahópar séu samheldnari eftir COVID-19 og fyrirtækin skili betri árangri með bættri þjónustu og að faraldurinn hafi líklega bætt samkeppnisstöðu íslenskra fatafyrirtækja.

Brynjar Þór Þorsteinsson, lektor, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, brynjar@bifrost.is

Einar Svansson, dósent, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, einarsv@bifrost.is

Dórothea Jóhannsdóttir, dorotheaj12@gmail.com

Woke menning og pragmatísk stjórnunarkenning á tímum skautunar

Menningarfyrirtæki lenda reglulega í erfiðleikum og vegna umdeilda ákvarðana sem fara á svig við viðmið hópa um viðeigandi eða rétta hegðun. Þá taka deilur um ábyrga samfélagsbreytni, slaufun og sjálfsmýndarnærgætni athygli frá ætlaðri „sjálfri starfseminni“, en skautuð umræða fer fram í fjöl- og samfélagsmiðlum. Í rannsókninni eru greind þrjú nýleg tilfelli þar sem átök eru um inntak og eðli stefnu menningarfyrirtækja. Markmið greiningarinnar er að skýra, með vísan til opinberrar umræðu og hjálp pragmatískrar stjórnunarkenningar, átök einhyggju og fjölhyggju um tilgang skipulagsheilda. Þá eru kynntar niðurstöður viðtalsrannsókna meðal stjórnenda menningarstjórnenda þar sem meðal annars er spurt um afstöðu til jafnréttis, inngildingar og fjölbreytni í rekstri menningarfyrirtækja. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar að gagnstætt því sem víða er haldið fram, og meðal annars í kennslubókum um stjórnun, virðist erfitt að smætta erindi skipulagsheilda niður í einfalda tilgangslýsingu. Þannig virðast hlutverkin margþættari og ábyrgðirnar fjölbreyttari en svo að hægt sé að segja með einföldum eða ótvíræðum hætti hvert viðfangsefni skipulagsheildarinnar og þar með hlutverk stjórnenda eigi að vera. Viðfangsefni stjórnenda verður þá fyrst og fremst samningar, sættun, sveifla og samtal sem teygir sig langt út fyrir vegg skipulagsheildarinnar. Fjölhyggja um stjórnun á sér 100 ára sögu innan stjórnunarfræðanna og tengist lýðræðishugmyndum, velferð og almannaheill. En af ýmsum ástæðum sem reifuð eru í erindinu hafa áherslur á einhyggju og kenningarlega smættun verið ráðandi á síðustu áratugum. Rannsóknin er framlag til kenningarlegrar umræðu um samfélagslegar áherslur í stjórnun þar sem sveiflu-, samtals- og átakamódel eru í forgrunni.

Njörður Sigurjónsson, prófessor, Félagsvísindadeild, Háskólinn á Bifröst, njordur@bifrost.is

Er upplifun leiðtogastíla sú sama á stjórnendastigi og starfsmannastigi í íslenskum líftæknifyrirtækjum?

Tilgangur erindis er að kynna niðurstöður sem varpa ljósi á hvort munur sé á upplifun er kemur að leiðtogastílum á stjórnendastigi og starfsmannastigi og eins hvað einkennir leiðtogastíla stjórnenda í íslenskum líftæknifyrirtækjum.

Markmiðið er að draga fram hvernig stjórnendur upplifa sig í starfi, hvernig þeir meta sjálfa sig í stakk búna til að takast á við helstu áskoranir sem upp geta komið á vinnustað. Að sama skapi hvort starfsfólk upplifi viðkomandi stjórnendur eins og þeir gera.

Gagnaöflun byggði á eigindlegri og meginlegri rannsókn. Rannsóknin byggði bæði á fræðilegri umfjöllun um leiðtogastíla og árangursríka stjórnun líftæknifyrirtækja, sem felst m.a. í tæknilegri kunnáttu, samskiptahæfni, teymisforystu, nýsköpun og stefnumótandi þekkingu. Í eigindlegri rannsókn voru tekin hálf-opin viðtöl við átta stjórnendur innan átta líftæknifyrirtækja. Í meginlegri rannsókn var send út rafræn spurningakönnun til starfsfólks sem var hönnuð út frá niðurstöðum úr viðtölum, einkennandi þáttum í leiðtogastílum og þekktum spurningalistum fyrir leiðtogastíla.

Niðurstöður leiddu í ljós að áhersluatriði stjórnenda samræmast því sem talið er að felist í árangursríkri stjórnun líftæknifyrirtækja á borð við að skapa svigrúm fyrir mistök, áherslu á teymisvinnu, jafningjabrag og virðingu. Aftur á móti voru viðmælendur sammála um að þeir væru ekki fullir sjálfstrausts þegar reyndi á úrlausn mála og margir nefndu að veikleikar þeirra lægu í stjórnunarhlíð starfsins og vildu bæta hæfni sína á því sviði. Jafnframt bentu niðurstöður til að leiðtogastílar viðmælenda mótist fremur af starfsumhverfi fyrirtækjanna sjálfra en út frá stjórnendamenntun eða reynslu annars staðar frá.

Haraldur Daði Ragnarsson, lektor, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, haraldurr@bifrost.is,

Olga Ýr Björgevinsdóttir, rannsóknarstjóri, Arctic Therapeutics, olgab19@bifrost.is

Millistjórnendur – kostnaður eða auðlind

Mikið hefur verið rætt um hlutverk millistjórnenda á liðnum misserum. Yfirleitt hefur umræðan verið neikvæð og oft lausn að fækka millistjórnendum. Er millistjórnendur „kostnaður“ eða „auðlind“ fyrir viðkomandi rekstur? Ekki hefur komið fram nein skilgreining á því hvað er að vera „millistjórnandi“. Millistjórnandi, eins og hugtakið ber með sér, er stjórnandi. Stjórnandi hefur önnur verkefni en hefðbundinn starfsmaður. Millistjórnandi hefur réttindi sem er „ákvörðunarréttur“ („Decision Rights“). Ábyrgð þarf að fylgja, án þess eru ekki réttindi til. Hvað varðar stöðuna millistjórnandi þá er valdið eða réttindin skilgreint sem „stjórnunarlegur ákvörðunarréttur“ („Management Decision Rights“).

Í erindi þessu verður fjallað um hugtakið stjórnunarlegur ákvörðunarréttur og hvers vegna það er nauðsynlegt hverju fyrirtæki eða stofnun. Fjallað verður um hugtakið út frá þrískiptingu þess í félaginu; 1. Stefnumótun (Strategic Management), 2. Stjórnun (Executive Management) og 3. daglegum rekstri (Operational Management).

Stjórnunarlegur ákvörðunarréttur tengist beint flækjustigi í viðkomandi rekstri. Í því tilviki verða þrjár víddir skoðaðar þ.e. aðgerðarvidd, kostnaðarvidd og framkvæmdavidd. Rætt verður um hvað er fyrirtæki? Ekkert fyrirtæki er eins, hvert og eitt fyrirtæki hefur sitt eigið „DNA“ er kemur að uppbyggingu, stjórnun og rekstri. Í þessu erindi verður ákvörðunarrétturinn skoðaður og útskýrður með tillit til ofangreindra vídda í viðkomandi fyrirtæki.

Einar Guðbjartsson, dósent, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, eg@hi.is

MÁLSTOFA 14 M101 FJÖLBREYTILEIKI I

Unequal power relations: Employment-based violence against foreign women in Icelandic academia.

As the general immigrant population of Iceland has increased, so has the number of international students pursuing PhD studies, post-docs, or research in different areas of academia. In 2022, at the University of Iceland alone, 310 students pursuing their PhD were of foreign origin: 52% being women. Some international students are dependent on grants allocated to the educational institution they are studying in, which categorizes them as employees. The #metoo movement in Iceland revealed how immigrant women's experiences of violence at work intersects with race and ethnicity, which indicate potential structural and systemic issues within Icelandic society. Such issues are exacerbated by institutional power dynamics which affect these women adversely. My talk analyzes the content of interviews with a number of foreign women in academia. This population is not generally studied as they are often perceived to be beneficiaries of privilege given their involvement in higher education. Initial results indicate that in Iceland, these women, independent of their background, experience discrimination, xenophobia, and sexual harassment, which negatively impacts their physical and psychological health as well as their academic and professional development. The goal of this paper is to better understand if the rights of foreign women in academia are being upheld by educational institutions according to their policies and the Sustainable Development Goal of Equality and, if not, why not?

Telma Velez, rannsakandi, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, tmo4@hi.is

“I wasn’t Black until I came to Iceland”: Parents of color navigating racialized and classed spaces in Icelandic schools.

Ethnic minority parents in Iceland are historically seen as disadvantaged and facing multiple barriers to engage in meaningful parent involvement, most often associated with cultural differences, low socio-economic status or low educational background. This paper examines those perspectives and questions the conceptualization of parent involvement and practices based on their positionalities of ethnic minority and middle-class identity. We explore parents’ motivation for choice of schools, neighborhoods, and other practices and activities they employ to help their children’s educational experience. The data draws on in-depth interviews with twelve immigrant parents who: have at least one child in compulsory school and self-identify as a person of color in an ethnic minority group as well as having middle-class status in Iceland. For many parents in the study, freedom of choice and individualism were regarded as part of their middle-class identity, and some were able to expound on how economic privilege is entangled with their experiences with racism in Iceland. While some felt a responsibility to ‘stand out’ as a representative for their co-ethnic groups, others preferred not to center their identity around their ethnicity, even disassociating themselves from others who have been discriminated against. This research addresses distinctions among immigrants that are often examined in isolation, and we argue that promoting involvement of immigrant parents in Icelandic schools requires an understanding of how their identities are racialized and classed. The concept of parent involvement needs to broaden to include diverse parents’ perspectives and motivations and ensure the inclusion of their children in schools.

Elizabeth B. Lay, doktorsnemi, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, elizabeth@hi.is

Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, brm@hi.is

Mismunun ungs fólks með erlendan bakgrunn á Íslandi

Í alþjóðlegum samanburði mælast Íslendingar með frekar jákvætt viðhorf til innflytjenda. Þetta á sérstaklega við þegar fólk er beðið um að meta áhrif innflytjenda á íslenskt efnahagslíf. Íslendingar virðast þó hafa samskonar neikvæðar staðamyndir um ákveðna hópa innflytjenda og mælst hafa í nágrannaríkjum okkar. Nokkur stór hluti landsmanna telur þannig að aukin fjöldi innflytjenda leiði til fleiri afbrota og meiri hættu á hryðjuverkum. Rannsakendur víða á Vesturlöndum hafa skoðað og greint hvernig pólitíkusar bæði nýta sér og ýta undir þá öryggisógn sem almenningur telur að innflytjendur skapi, en þetta hefur ekki verið rannsakað formlega hér á landi. Neikvæðar staðalmyndir um innflytjendur geta haft margskonar skaðleg áhrif. Til að mynda sýna

rannsóknir á öðrum Norðurlöndum að ungir innflytjendur upplifa mismunun af hendi yfirvalda sem dregur úr trausti til og lögmæti viðeigandi stofnunar (t.d. lögreglunnar).

Í erindinu er farið yfir niðurstöður nýrrar rannsóknar, sem er hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni, þar sem þessir þættir voru kannaðir. Rafrænn spurningalisti var lagður fyrir stórt úrtak grunn- og framhaldsskólanema í skólanum. Niðurstöður sýna að um fimmtungur barna með erlendan bakgrunn upplifa mismunun og fjórðungur þeirra telur sig ekki tilheyra íslensku samfélagi. Í rannsóknin var skoðað hvort mismununin byggji á kynþætti, þjóðernislegum uppruna, trú eða öðru. Auk þess sýna niðurstöður að brotahegðun ungs fólks með erlendan bakgrunn kalli frekar á inngrip lögreglu en samskonar hegðun annarra íslenskra unglinga. Í erindinu verða niðurstöður ræddar og settar í samhengi við pólitíska umræðu um innflytjendur í íslensku samfélagi, umræðu sem hefur tilhneigingu til að ýta undir skautun.

Margrét Valdimarsdóttir, dósent, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, margretva@hi.is

Skautað stéttakerfi

„Þegnuréttur [(e. social citizenship)] er margþætt hugtak sem notað er til að skýra og skilja forsendurnar fyrir fullri aðild einstaklinga að samfélagi“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2010:30). Í erindinu fjalla ég um hvernig formlegar víddir þegnuréttar (sbr. félagsleg réttindi) mynda auðmagn sem er ólíkt öðrum tegundum auðmagns sem Pierre Bourdieu auðkennir í stéttakenningu sinni. Ég nefni þessa formlegu vídd þegnauðmagn (e. citizen capital). Aðrar víddir þegnauðmagns skilgreini ég sem hluta menningarlegs auðmagns (e. cultural capital), sem, í nægu magni, leyfir viðkomandi að virkja formlegt þegnauðmagn í tilteknu samhengi. Með þetta að leiðarljósi útlista ég hvernig samfélagslegar breytingar hafa leitt til aukinnar skautunar íslenska stéttakerfisins. Nánar tiltekið var skýrasta birtingarmynd aukins ójafnaðar héraðs á uppgangstíma nýfrjálslyggjunnar fram að hrúni myndun ofurríkrar yfirstéttar þverþjóðlegra kapítalista (e. transnational capitalists) og harkstéttar (e. precariat) sem samanstendur mestmegnis af erlendu láglaunafólki. Báðir hópar standa að nokkru leyti fyrir utan hina sameiginlegu þjóðarreynslu og stéttasamruna (e. class fusion) sem leiddi af útvíkkun þegnuréttar samfara vexti velferðarkerfisins á 20. öld. Að þessu leyti eru þverþjóðlegir kapítalar nk. „yfir-þegnar“ (e. supra-citizens) sem til viðbótar við fullan þegnurétt geta hagnýtt sveigjanlegan þegnurétt (e. flexible citizenship) til að auðgast frekar. Á móti eru erlendir einstaklingar í harkstétt nk. „undir-þegnar“ (e. sub-citizens) sem skortir bæði nægileg réttindi sem og menningarlegt, félagslegt og efnahagslegt auðmagn til að uppskera líkt og „fullgildir“ þegnar. Birtingarmyndir síðastnefnda eru efnahagsþrengingar erlends láglaunafólks, að hátt hlutfall innflytjenda hefur ekki kosningarétt og að hvergi í

Evrópu er meiri munur á ofmenntun (e. over-education) erlends og innlends starfsfólks og á Íslandi.

Guðmundur Oddsson, dósent, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, goddsson@unak.is

MÁLSTOFA 15 M102 BYGGÐAMÁL II

„Beint flug er næs“: Svæðisbundin áhrif millilandaflugs frá Akureyri

Þróun nútíma þjóðríkja byggði á samgöngukerfum sem tengdu höfuðborgir við aðrar borgir, bæi og matarkistur sveitanna, jafnframt því að tryggja að flutningar milli landa væru greiðir en undir stjórn þjóðríkisins. Í hnattvæddum heimi 21. aldarinnar gegna flugsamgöngur mikilvægu hlutverki í þéttriðnu alþjóðlegu neti þar sem fólk, varningur, fjármagn og upplýsingar þeytast heimshornanna á milli. Bættar flugsamgöngur hafa þannig margvísleg jákvæð svæðisbundin áhrif og eru víða mikilvægur þáttur í opinberri stefnumótun. Í Stefnumótandi byggðaáætlun 2022–2036 er lögð áhersla á eflingu flugsamgangna sem leið til að styrkja dreifðar byggðir, einkum með niðurgreiðslum á innanlandsflugi og uppbyggingu millilandaflugs frá Akureyri og Egilsstöðum. Í þessari rannsókn er sjónum beint að starfsemi flugfélagsins Niceair sem hóf reglubundið millilandaflug frá Akureyri með Airbus A319 farþegaþotu þann 2. júní 2022. Saga millilandaflugs frá Akureyri verður reifuð og starfsemi Niceair staðsett í mengi lítilla flugfélaga sem halda uppi reglubundnu millilandaflugi með 1–2 farþegaþotum frá smærri borgum í Evrópu. Þá verður farþegahópur Niceair kortlagður m.t.t. til aldurs, kyns, búsetu, ferðatíðni og tilgangi ferða og lýðfræðileg einkenni farþegahópsins mátuð við íbúa á Norður- og Austurlandi. Að lokum verður fjallað um viðhorf íbúanna til millilandaflugsins og hugsanleg áhrif þess á samfélagsþróun á Norður- og Austurlandi.

Þóroddur Bjarnason, prófessor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands og Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, thoroddur@hi.is

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, jthh@unak.is

Guðný Rós Jónsdóttir, Háskóla Íslands

Auðlindanýting í dreifðum byggðum – viðhorf íbúa

Samspil alheimsvæðingar og loftslagsbreytinga knýja fram breytingar af stærðargráðu sem ekki áður hefur þekkt. Aukin áhersla á atvinnugreinar eins og námuvinnslu, fiskeldi og ferðaþjónustu, auk iðnvæðingar margra hefðbundinna atvinnugreina, s.s. sjávarútvegs og skógræktar, valda æ oftar hagsmunaaðrekstrum um nýtingu auðlinda sem hafa afgerandi áhrif á velferð bæði íbúa og samfélaga Norðurlóða. Árið 2020 var ýtt úr vör fjögurra ára þverfaglegu rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að þeim hröðu breytingum sem orðið hafa á Norðurlóðum vegna aukinnar alþjóðavæðingar og áskoranna sem þeim fylgja. Verkefnið nefnist ArticHubs og er styrkt af Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins. Megináhersla verkefnisins er á sjálfbærni og seiglu jaðarsvæða á Norðurlóðum. Meginmarkmið þess er að þróa rannsóknamiðaðar og hagnýtar lausnir til að mæta þeim áskorunum sem Norðurlóðir standa nú frammi fyrir með áherslu á heildarsýn og heildarhagsmunum í auðlindanýtingu svæða og langtíma velferð samfélaga. Þátttakendur koma frá 11 löndum á Norðurlóðum og á Íslandi eru það Háskóli Íslands, sem tekur þátt í rannsóknum á ferðamennsku og Háskólinn á Hólum sem tekur þátt í rannsóknum á fiskeldi og leiðir þann hluta rannsóknarinnar. Rannsóknasvæðið á Íslandi eru sunnanverðir Vestfirðir.

Í fyrirlestrinum verða niðurstöður rýnihópaviðtala sem beindu sjónum að viðhorfi heimamanna til uppbyggingar fiskeldis og ferðaþjónustu á rannsóknarsvæðinu sem tekin voru síðasta haust og aftur núna í vor kynntar og þær settar í samhengi við niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir íbúa árið 2021 og lýðfræðilegrar stöðu samfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum.

Anna Guðrún Eðvaldsdóttir

Hámörkum hamingjuna, breytum frídögum

Dreifing frídaga ársins er afar ójöfn og að mörgu leyti óheppileg. Engir frídagar eru að hausti fram til jóla. Að vori eru þeir hins vegar margir um allar trissur. Er núverandi fyrirkomulag á frídögum að vori það besta fyrri almenning og atvinnulíf eða væri skynsamlegra að endurraða þessum frídögum? Mismunandi tímasetning páksa, sem eru innan tímaglugga sem er víðari en mánuður, er óhentug fyrir margt í þjóðlífinu. Skólastarf á vorönn er t.d. breytilegt milli ára út af breytilegum páskum en á haustönn er stöðugleiki milli ára. En hvernig væri skynsamlegast að endurraða frídögum þannig að almenningur fengi meira út úr þeim? Hver ættu markmiðin að vera? Hvernig fyrirkomulag hámarkar hamingju þjóðarinnar? Þarf að slaka á tengingunni á milli frídaga og trúarbragða? Mun verða andstaða gegn því hjá kirkjunni og trúuðum íbúum landsins? eru lengri frí heppilegri en einstaka dagar hér og þar? Hefur endurröðun frídaga áhrif á atvinnulífið? Ætti jafnvel að fjölga frídögum? Hvað um áður nefnt tímabil frá sumri til jóla þar sem engir frídagar eru?

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri,
jthh@unak.is

MÁLSTOFA 16 M203 VINNUMARKAÐUR OG STARFSFÓLK

Verðmæti einmana samfélags: Meira sameinar okkur en aðgreinir

Undanfarin misseri hefur höfundur unnið að bók um einmanaleika sem verður útgefin í janúar 2024. Þar er einmanaleiki meðal annars skoðaður í samhengi við þróun og breytingar á samfélögum. Í erindinu verða þær umfjallanir kynntar og ræddar. Einmanaleiki er skilgreindur, lagðar fram niðurstöður fyrirbyggjandi rannsókna á algengi einmanaleika í heiminum og á Íslandi, ástæðum þess að manneskjur verða einmana, gerð grein fyrir áhrifum einmanaleika á heilsu og þróun samfélaga í samhengi við einmanaleika. Algengi einmanaleika er meira í samfélögum sem einkennast af einstaklingshyggju fremur en heildarhyggju, þar sem breytingar eru innleiddar hratt, þar sem hagkerfi eru drifin áfram af skorti og þar sem samfélagsmiðlanotkun er almenn og útbreidd. Fræðafólk hefur talað um heimsfaraldur einmanaleika í þessu samhengi og hefur auk annars bent á aukna skautun í þessum samfélögum máli sínu til stuðnings. Afleiðingar aukins einmanaleika í skautuðu samfélagi geta verið alvarlegar. En með aukinni umfjöllun og innleiðingu samfélagslegra sem einstaklingsbundinna aðgerða til að takast á við einmanaleika er unnt að snúa skortshagfræðinni upp í verðmætasköpun. Í bókinni Einmana: Bók um verðmæti er varpað ljósi á mannlegt fyrirbæri sem öll finna fyrir á einhverjum tímapunkti og hefur útbreidd félagsleg áhrif. Þrátt fyrir aukna samfélagslega áherslu á virði og sérstöðu einstaklinga, þá er í raun og veru meira sem sameinar okkur en aðgreinir. Í ljósi þess eru lögð eru fram bjargráð sem byggja á einvægi, sem leiðir til þess að manneskjum líður vel þrátt fyrir að vera einmana. Lykilorð:Einmanaleiki, samfélag, skautun, einvægi

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, fræðikona og rithöfundur, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands

Erfiðir tímar krefjast erfiðs fólks: Ávinningurinn að draga úr kulnun starfsmanna

Stofnanir standa frammi fyrir alvarlegri áskorun með kulnun starfsmanna, sem leiðir til taps á framleiðni og starfsanda. Þrátt fyrir mikilvægi þess vantar þekkingu á skilningi á einu af lykileinkennum kulnunar starfsmanna, nefnilega persónulegum eiginleikum starfsmanna. Þessi rannsókn miðar að því að ákvarða hvort þrautsegja geti dregið úr kulnun starfsmanna í stofnunum. Í rannsókninni var gerð könnun meðal starfsmanna í þjónustufyrirtækjum og sýndu niðurstöður að kvíða starfsmanna var neikvætt tengt kulnun. Enn fremur leiddi

rannsóknin í ljós að þrautsegja hefur ekki jafn áhrif á allar þrjár víddir kulnunar. Aukning starfsmanna er því vænleg stefna fyrir fyrirtæki sem vilja draga úr hættu á kulnun starfsmanna.

Sigurður Guðjónsson, lektor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, siggig@hi.is

Að hvaða marki hefur fjárhagslega staða sveitarfélaga áhrif á vinnuumhverfi starfsfólksins?

Íslensk sveitarfélög hafa lögbundnar skyldur til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið samkvæmt lögum og veita íbúum sínum grunnþjónustu. Þau gegna einnig þýðingarmiklu hlutverki sem vinnuveitendur og eru íslensk sveitarfélög sem heils stærsti vinnuveitandi í landinu. Laun og launatengd gjöld eru um 60% af skatttekjum þeirra. Fjárhagsstaða íslenskra sveitarfélaga er misjöfn og því eru þau misjafnlega í stakk búin til að uppfylla lögbundnar skyldur sínar. Fram kom í ræðu formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, Heiðu Bjargar Heimisdóttur, á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga haustið 2022 að um helmingur sveitarfélaganna uppfylli ekki lágmarksviðmið um fjárhagslega sjálfbærni og um síðustu áramót kom fram í fréttum hjá sambandinu að útlit sé að 15 stærstu sveitarfélögin mun skila hallarekstri fjórða árið í röð. Í því ljósi er áhugavert að skoða hvort að fjárhagsstaða sveitarfélaganna hafi áhrif á það hvernig vinnuveitendur þau eru.

Í erindinu verður fjallað um nokkur íslensk sveitarfélög og mismunandi fjárhagsstöðu þeirra og getu til að veita íbúum sínum lögbundna þjónustu. Einnig verður skoðað hvernig sveitarfélögin hlúa að starfsfólki sínu og hvort fjárhagslega staða þeirra hafi áhrif líðan starfsfólks á vinnustað, vinnuálag, stjórnun og stjórnunarhætti. Horft verður til sálfélagslegra þátta í vinnuumhverfinu.

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, hjordis@unak.is

MÁLSTOFA 17 ;101 FJÖLBREYTILEIKI II

Tungumálalandslag í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð á Akureyri

Þetta ágríp fjallar um félagsfræðilega rannsókn á notkun tungumála (sociolinguistics). Íslenska er ekki lengur eina tungumálið sem notað er á Íslandi, en til dæmis enska og pólska eru stöðugt meira notuð. Markmiðið með rannsókn okkar er að kanna hlutverk mismunandi

tungumála í lítilli íslenskri verslunarmiðstöð. Rannsóknin tengist rannsóknum sem varða tungumálalandslag (linguistic landscape, t.d., Landry & Bourhis 1997), sem snýst um það hvernig notkun tungumála verður sýnileg í umhverfinu, eins og götuskipti, auglýsingar, staðarnöfn og búðarnöfn, oft kallað skilti.

Gögnin okkar eru ljósmyndir teknar á vorinu 2021 af öllum skiltum inni í og fyrir utan verslunarmiðstöðina Sunnuhlíð á Akureyri. Við gefum meginlegt yfirlit yfir niðurstöður okkar, en einbeitum okkur að eiginlegri greiningu á hlutverki tungumála og þeirri ímynd staðarins (sense of place) sem skiltin skapa. Við berum saman niðurstöður okkar við löglega og raunverulega stöðu nokkurra tungumála á Íslandi og á Akureyri.

Niðurstöður okkar sýna að íslenska er ríkjandi á skiltunum, en enska hefur sérstöðu meðal annarra tungumála. Sá sem telst sendandi hvað varðar skilaboð skiltisins getur verið viðskiptaaðili, félagasamtök eða verslunarmiðstöðin sjálf. Hlutverk skilta er að upplýsa og fræða, að tilgreina nafn aðila og að auglýsa. Þegar önnur tungumál en íslenska eru notuð er það af sérstökum ástæðum. Þær geta verið til dæmis áleitni að sýnast vera "ekta" (auglýsingarstrategía) eða að tala til móttakenda sem skilja ekki íslensku. Greiningar okkar sýna skautun í íslensku samfélagi sem er ekki á yfirborðinu, en er tengt vissum tungumálum.

Martina Huhtamäki, lektor, Háskólinn í Helsinki, martina.huhtamaki@helsinki.fi

Väinö Syrjälä, háskólakennari, Södertörns háskóli, vaino.syrjala@sh.se

Samhliða samfélög? Nýlegur innflutningur til Víkur og samfélagsleg áhrif þeirra

Í október á síðasta ári komst Vík í fréttirnar sem fyrsti bærinn á Íslandi sem hafði skipað enskumælandi ráð. Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, sagði að ráðið hefði verið sett til að gera stórum hópi íbúa sveitarfélagsins kleift að taka þátt í sveitarstjórninni og gefa þeim tækifæri til að móta framtíð þess. Með mikilli uppbyggingu ferðaþjónustu, sérstaklega á Suðurlandi, tvöfaldaðist íbúafjöldi Vík á aðeins 10 árum. Stærstan hluta aukningarinnar má stuðla að komum erlendra starfsmanna. Árið 2022 voru innflytjendur um helmingur íbúanna. Þótt meirihluti komi sem árstíðabundnir starfsmenn halda margir áfram að lengja dvölinu og sumir íhuga að setjast að. Innflytjendur mynda nokkuð fjölbreytt samfélag og enska er smám saman að verða lingua franca bæjarins. Stefni Vík óumflýjanlega í átt að opinberu tvítyngi? Mun enska ráðið aðstoða við inngildinguna innflytjenda eða er hætta á að það skapist tvö samfélög? Í ernding mínu ætla að þæla um þessar spurningum. Það byggir á gagnasöfnun í þriggja mánaða entógráfískri vettvangsrannsókn sem var hluti af stærra verkefni um hreyfanleika í dreifbýli á Íslandi.

Anna Maria Wojtyńska, nýdoktor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, wojtynska@hi.is

The implementation of the Istanbul Convention in the #Metoo Era: The services available to immigrant women in Iceland

In 2011, the Council of Europe adopted the Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence (Istanbul Convention). As a signatory, Iceland agreed to secure the rights of victims of gender-based violence without any discrimination. According to Article 15 of the Convention, “appropriate training for relevant professionals should be ensured to prevent secondary victimization and parties shall encourage co-ordinated multi-agency co-operation training to allow a proper handling of referrals in cases of violence”. In addition, Article 20 of the Convention states that “necessary measures should be taken to ensure that victims have access to relevant and needed services that facilitate their recovery”. The narratives published in January 2018, at the height of the #metoo movement in Iceland, revealed that immigrant women who experience intimate partner violence (IPV) are not provided with adequate services in accordance with either Article 15 or 20 of the Convention. The narratives detail levels of violence that intersect with race and ethnicity, indicating potential structural and systemic issues within Icelandic society. Using an intersectional lens premised on Articles 15 and 20, this paper analyses the content of 14 narratives and eight stakeholder interviews with service providers. Results indicate that services available to immigrant women fail to accommodate their needs in a culturally appropriate way due to lack of multicultural training, lack of financial and human resources, perpetuating further victimisation through structural violence. My talk brings forth an understanding whether or not services provide culturally relevant care according to the Istanbul Convention for immigrant women who experience gender-based violence.

Telma Velez, rannsakandi, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, tmo4@hi.is

Félagsleg tengsl flóttafólks á Íslandi: Hvernig má bæta þjónustu við flóttafólk með tilliti til félagslegra tengsla?

Flóttafólki hefur undanfarin ár fjölgað á heimsvísu og hefur íslenska ríkið ekki farið varhluta af því. Í kjölfar þessarar fjölgunar hefur móttaka og þjónusta við flóttafólk á Íslandi gengið í gegnum töluverðar breytingar. Markmið þessarar rannsóknar er að greina frá reynslu flóttafólks af því að setjast að á Íslandi sem hægt er að nýta til þess að bæta stefnumótun málaflokksins og þjónustuna. Það verður gert með því að fjalla sérstaklega um félagslegt tengslanet sem byggist á félagsauði. Til þess verða nýttar kenningar um bindandi og

brúandi lóðrétt tengsl og bindandi og brúandi lárétt tengsl. Rannsóknin er eigindleg og henni til grundvallar liggja 11 viðtöl við flóttafólk, tvenn skrifleg svör við viðtalsramma rannsóknarinnar frá flóttafólki og fimm viðtöl við sérfræðinga sem starfa við málaflokkinn. Niðurstöðurnar sýna að flóttafólk býr að margvíslegum og dýnamískum félagslegum tengslum í íslensku samfélagi og allar fjórar tegundir tengsla birtust í reynslu viðmælendanna. Mikilvægustu tengslin reyndust vera hin brúandi og bindandi lóðréttu tengsl. Gagnagreiningin leiddi hins vegar í ljós að skipta þarf lóðréttu brúandi tengslunum í formleg og óformleg til þess að skýra tengslin til hlítar. Helsta niðurstaða rannsóknarinnar er að auka þarf aðgengi flóttafólks á Íslandi að formlegum brúandi lóðréttum tengslum.

Efnisorð: lárétt og lóðrétt tengsl, bindandi og brúandi félagsauður, félagslegt tengslanet, stefnumótun

Arnbjörg Jónsdóttir, meistaranemi, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands,

MÁLSTOFA 18 M102 VIÐSKIPTI OG MARKAÐUR

Skuggahliðar einkaleyfa

Þeim sjónarmiðum hefur verið varpað fram að einkaleyfisvernd geti takmarkað aðgengi að nýsköpun og þannig valdið því að hún skili ekki þeim ávinningi sem hún kynni að leiða af sér til samfélagsins. Markmið þessara rannsóknar er að varpa ljósi á helstu þætti sem takmarka öflun og nýtingu einkaleyfa í víðu samhengi og geta þannig komið í veg fyrir þá hagsæld sem nýsköpunin getur leitt af sér. Rannsóknin var unnin með kerfisbundinni fræðilegri greiningu þar sem rýnt var í fyrirliggjandi þekkingu á grundvelli skilgreindra leitarskilyrða í gagnaveitunni Web of Science. Síðar voru út greinar sem birtar hafa verið í tímaritum sem standast háan gæðastaðal. Niðurstaðan skilaði 915 greinum og 197 greinum til skoðunar. Eftir frekari skoðun og yfirlestur skilaði leitin 22 greinum um neikvæðar hliðar einkaleyfa. Niðurstöðurnar varpa ljósi á marga þætti sem hafa áhrif á nýtingu einkaleyfa.

Meðal tveggja helstu skuggahliða eru annars vegar ýmsar ástæður sem valda því að fjárfestar takmarki nýjungina og aðgang að mikilvægri þekkingu einungis við tiltekinn rekstur og komi þannig í veg fyrir að aðrir sem hagsmuni hafa geti notið ávinningsins og hins vegar nokkrir þættir sem draga úr hagkvæmni og aðgengi að fjármagni. Takmarkanir rannsóknar er að hún byggir eingöngu á greinum í gagnagrunninum Web of Science. Hagnýtt gildi rannsóknar er að hún dregur fram mikilvæga þætti sem íslenskir frumkvöðlar, stjórnvöld og aðrir sem koma að stjórnun nýsköpunar gætu haft í huga. Í rannsóknin er

fjallað um mikilvæga þekkingu um neikvæðar hliðar einkaleyfa byggt á gæðagreinum sem birtar hafa verið í viðurkenndum ritrýndum tímaritum.

Lykilorð: Einkaleyfi, einkaleyfishrellar, nýsköpun, útbreiðsla þekkingar, hagkvæmni

Gunnar Óskarsson, lektor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, gunnaros@hi.is

Guðjón Helgi Egilsson, aðjúnt, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, ghe@hi.is

Reikningsskil og orðræða

Endurskoðunarnefnd er forsenda fyrir góða stjórnarhætti. Skipan endurskoðunarnefnda gagnast bæði fyrirtækjum og samfélaginu. Starfsumhverfi endurskoðunarnefnda hafa breyst mjög mikið frá fjármálakreppunni 2008. Grunnþættir endurskoðunarnefnda er m.a. sérhæfð þekking, hæfni og óhæði. Þessi atriði er á ábyrgð stjórnar félagsins. Endurskoðunarnefndir stuða að auknu gagnsæi og trausti á reikningsskilum.

Rannsóknarnáglun gagnvart endurskoðunarnefndum hefur verið skipt upp í fimm flokka: lýsandi (descriptive), uppgvötun (exploratory), áhrif á/vensl (relational), skýrandi (explanatory) og að lokum umbreytandi (transformative). Erindið tilheyrir lýsandi hlutanum. Til að athuga hvort starf endurskoðunarnefnda uppfylli lýsandi hlutann þarf að upplýsa hagaðila um hvað endurskoðunarnefndin hefur gert, þ.e. nálgun á staðreyndum. Ritað mál er hægt að skrifa annaðhvort sem forskrift eða staðreynd. Forskriftaraðferð notar hugtök eins og „að gera,“ „gert ráð fyrir að“ eða „samkvæmt lögum er gert ráð fyrir að“ Á hinn bóginn greinir staðreyndanálgun frá staðreyndum um hvað hefur verið gert, hvers vegna, hvernig og jafnvel niðurstaða. Rannsóknarskýrsla Alþingis er dæmi um slíka nálgun. Tilgangur þessa erindis er að upplýsa um greiningu á orðræðu sem fram koma í ársreikningum fyrirtækja sem hafa endurskoðunarnefndir. Erindið mun veita innsýn í hvernig fyrirtæki uppfylla væntingar hagaðila um gagnsæi og þannig fylgja meginreglum um góða stjórnarhætti. Endurskoðunarnefndir gegna mikilvægu hlutverki varðandi gagnsæi og trausts á reikningsskilum. Að greina frá starfsemi endurskoðunarnefnda á málefnalegan og upplýsandi hátt er mikilvægur þáttur til að meta m.a. starfsframlag, skilvirkni og gagnsæi.

Lykilorð: endurskoðunarnefndir, traust, staðreyndarnálgun, forskriftarnálgun, gagnsæi

Einar Guðbjartsson, dósent, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, eg@hi.is

Guðjón Helgi Egilsson, aðjúnt, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, ghe@hi.is

Fjölþjóðleg rannsóknar- og þróunarverkefni: áhrif samfjármögnunar á nýtingu þekkingar

Nýsköpun gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækja og samfélags þar sem hún knýr áfram þróun nýrra vara og þjónustu, uppfyllir kröfur um loftslagsbreytingar, stuðlar að sjálfbærni og tekur á þörfum í heilbrigðisþjónustu. Til að hvetja til nýsköpunar hafa stefnumarkandi aðilar, svo sem stjórnendur opinberra styrktarsjóða, lagt áherslu á samstarf yfir landamæri meðal styrkþega rannsóknar- og þróunarverkefna. Þessi rannsókn skoðar áhrif þessarar kröfu á samstarf yfir landamæri, framvindu verkefna og vistkerfi nýsköpunar samanborið við styrki sem veittir eru fyrirtækjum á staðnum án krafna um samstarf. Í rannsókninni er notast við eigindlega aðferðafræði og tekin viðtöl við tólf þátttakendur sem hlutu styrki úr Tækniþróunarsjóði Íslands, þar af fengu sex styrki frá Eurostars og sex staðbundna styrki. Niðurstöður benda til þess að samstarf yfir landamæri bjóði upp á breiðari þekkingargrunn og leiði til skilvirkara tengslanets. Styrkþegar Eurostars þróuðu tengslanet sín á breiðari og skilvirkari grunni, eflðu nýsköpunarhæfileika sína og stuðluðu að viðvarandi nýsköpun. Ennfremur nutu þátttakendur í vistkerfi nýsköpunar góðs af þeirri þekkingu sem aflað var og gæti leitt til framfara erlendis.

Rannsóknin hefur þó takmarkanir þar sem hún byggir á viðtölum við aðeins 12 einstaklinga frá sama landi og menningu. Ennfremur geta styrkþegar Eurostars almennt haft meiri reynslu og þekkingu á styrkjakerfinu, sem gæti gert þá hæfari í að nota þekkingu samstarfsaðila. Á heildina litið veita þessar rannsóknir dýrmæta innsýn í samstarf yfir landamæri í nýsköpunarverkefnum, sem verður sífellt mikilvægara til að mæta kröfum hnattrænnar nýsköpunar. Rannsóknin veitri fyrst og fremst innsýn í viðfangsefnið og er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum.

Gunnar Óskarsson, lektor, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, gunnaros@hi.is

Guðjón Helgi Egilsson, aðjúnt, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, ghe@hi.is

Það sem Bubba Morthens þykir gott og gilt þykir Hauki frænda helst til villt! Samræming ólíkra sjónarmiða og hagsmuna er kemur að ímynd og ásýnd vörumerkja

Ímynd og mörkun (place branding) landa, borga, bæjar- og sveitarfélaga um allan heim er mikilvægt verkefni þar sem samkeppni ríkir um að laða til sín fleiri íbúa, fyrirtæki, fjármagn og ferðamenn. Rannsóknir benda á að slík mörkun þarfnist heildrænnar nálgunar þar sem ferlið snýst um að skapa og varpa fram ímynd sem er nátengd trúverðugum, huglægum og tilfinningalegum þáttum staðarins. Oftast er þó ekki skýrt hvaða ímynd af tilteknum stöðum og svæðum væri réttust til að varpa fram sem væri samþykkt af ólíkum hópi hagaðila þeirra.

Reykjavíkurborg stóð frammi fyrir þeirri áskorun að samræma ásýnd og birtingamynd gagnvart ólíkum hagaðilum sínum. Reykjavíkurborg samanstendur af margþættri stjórnsýslu og fjölbreyttum stofnunum sem veitir íbúum, fyrirtækjum, starfsfólki,

ferðamönnum o.fl. fjölþætta þjónustu. Markmiðið var því að finna og koma auga á viðeigandi birtingamynd samþykkt af innri hagaðilum.

Tilgangur erindisins er að kynna niðurstöður rannsóknar sem snerust um að greina gögn frá viðtölum (N=42), fimm rýnihópum og viðhorfskönnun (N=606) og koma auga á ákjósanlega birtingamynd fyrir Reykjavíkurborg sem væri gerð í sátt við ólíka hagaðila.

Niðurstöður leiddu í ljós á að sterk ímynd var skynjuð af þáttakendum sem var annars vegar neikvæð og hins vegar jákvæð. Hin jákvæða ímynd leiddi til þess að hægt var að koma auga á þætti sem hægt var að nýta til að birta samræmda ásýnd sem samþykkt var af ólíkum hópum hagaðila.

Haraldur Daði Ragnarsson, lektor, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, haraldurr@bifrost.is,

Brynjar Þór Þorsteinsson, lektor, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, brynjar@bifrost.is

Digital Currencies, Swot Analysis

In recent years with increased international trade, there has been increased discussion about digital currencies. The concept of digital currencies in the global trade reflects on that the time-factor in trade is increasingly more important. However, older generations are reluctant to this new way of doing business and many questions arise. For example, there are questions of distances and culture when doing international trade. Therefore, we provide analysis using the well-known and classical SWOT analysis. This allows us to shed light on the pros and cons of digital currencies, incorporating Strengths, Weaknesses, Opportunities and Threats.

Kjartan Sigurðsson, lektor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, kjartansig@unak.is

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, gretar@unak.is

Helga Kristjánsdóttir, prófessor, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, helga@unak.is



„Hvernig get ég orðið listamaður?“ Sjálfsmyndarsmið æskudraums á tímum alheimsfaraldurs

Menning og listir gengdu lykilhlutverki í gegnum COVID-19 heimsfaraldurinn og léttu mörgum lífið, þrátt fyrir sóttvarnartengdar samkomutakmarkanir. Samfélagið fór í fyrsta gír og þrátt fyrir margvísleg og ótvíræð neikvæð áhrif veirunnar á efnahag, heilsufar og andlega líðan, þá mætti ætla að ýmsir einstaklingar hafi ef til vill notað tækifærið sem viðburðaleysi og veisluhaldafyrsting buðu uppá, endurmetið líf sitt og jafnvel hafið að iðka ný eða endurlífga gömul áhugamál sem áður höfðu vikið fyrir amstri og hraða hvunn dagsins. Erindi þetta kynnir rannsóknarverkefni í vinnslu, þar sem rannsakandinn dustar rykið af gömlum æskudraumi að gerast listamaður, þótt ævistarfið liggja innan akademíunnar. Rannsóknaraðferðin byggir á sjálfsathugun (self-observation) þar sem listamaðurinn hóf að byggja ímynd sína og vörumerki með söguaðferð (storytelling) á samfélagsmiðlum og móta þannig eigið listamannsjálf með því að segja sögur af sjálfri sér, sínum nánustu og fjalla um listsköpun sína í víðu samhengi. Vikulegir þættir voru sjónvarpaðir á samfélagsmiðlinum YouTube og þeim jafnframt deilt á Instagram og Facebook yfir 20-vikna tímabil, ásamt því að halda dagbók og opna vefverslun. Þættirnir skiptust í tvo meginhluta: Í fyrri hlutanum var fjallað um sértækt viðfangsefni er sneri að ævi eða daglegu lífi listamannsins og í seinni hlutanum var að finna tímastökksmyndband (timelapse) sem sýndi sköpunarferil málverks frá upphafi til enda. Myndböndin voru 5-10 mínútur á lengd hvert (bæði í enskri og íslenskrú útgáfu) en einnig voru tímastökksmyndböndin sett inn ein og sér (meira í ætt við TikTok-myndbönd. Í kjölfarið hélt listamaðurinn þrjár myndlistarsýningar með góðum árangri. Í ljós kom að myndbandsgerðin átti stóran þátt í að þróa vörumerkið KindArt en hafði einnig jákvæð áhrif á sjálfsvinnu listamannsins hvað varðar erfiðar minningar úr fortíðinni. Söguaðferðin studdi vel við listamanninn að gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum, sem og að átta sig á eigin sérkennum sem listamaður og ekki síður sem persóna. Eins og fyrr segir, þá er hér um verk í vinnslu að ræða og frekari framtíðarplön verða diskúteruð hvernig þróa megi vörumerki listamannsins og hvernig koma skuli listinni á framfæri, bæði hér heima og erlendis.

Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, sigrunlilja@bifrost.is

Mikilvægi RÚV í augum auglýsenda – Hvað verður um birtingafé ef RÚV hverfur af auglýsingamarkaði?

Talsverð umræða hefur verið undanfarin ár um stöðu RÚV á auglýsingamarkaði og sitt sýnist hverjum. Hagsmunaaðilar eru fjölmargir og má þar nefna einkarekna fjölmiðla, auglýsingaframleiðendur, markaðs- og auglýsingastofur og síðast en ekki síst, auglýsendur sjálfa. Baráttan um athygli neytenda hefur aldrei verið flóknari með tilkomu margvíslegra auglýsingamiðla sem gera fyrirtækjum kleift að ná til sérhæfðari markhópa með mismunandi hegðunarmynstur og þarfir. Smærri og aðgreindari miðlar gefa kost á

nákvæmari markaðsmiðun vörumerkja á meðan stærri hefðbundnari auglýsingamiðlar ná dekkun sem hinir smærri eiga erfitt með að jafna. Á meðal ljósvakamiðla hefur RÚV veitt auglýsendum gríðarlega mikla dekkun á markaði.

Fjarvera RÚV sem auglýsingamiðill myndi án efa hafa talsverð áhrif á auglýsingamarkaðinn og hefði fjölpætt áhrif á auglýsendur sem leita þurfa nýrra leiða í markaðssamskiptum við neytendur. Í allri þeirri umræðu sem átt sér stað um RÚV og auglýsingamarkaðinn hefur lítið sem ekkert verið skoðað hvernig auglýsendur telja sig munu bregðast við slíkum breytingum. Munu auglýsendur færa auglýsingafé sem annars hefði verið notað til birtinga á miðlum RÚV yfir á aðra ljósvakamiðla á markaðnum? Munu auglýsendur færa birtingaféð yfir á annars konar auglýsingarmiðla á Íslandi eða auka notkun á erlendum auglýsingarmiðlum á borð við Meta og Google? Munu auglýsendur mögulega draga úr auglýsingabirtingum ef RÚV er ekki lengur í boði sem auglýsingamiðill? Leitast er við að svara þessum spurningum með niðurstöðum rannsóknar á meðal fjölmargra auglýsenda á Íslandi.

Ragnar Már Vilhjálmsson, aðjúnkt, Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst, ragnarmar@bifrost.is

Skautun íslensks samfélags og þáttur fjölmiðlakerfisins

Miðað við þær þjóðir sem við Íslendingar viljum helst bera okkur saman við, þ.e. Norðurlandþjóðir og þjóðir í hinum engilsaxneskum heimi, eigum við hér á landi áberandi veikt og ósamstiga fjórða ríkisvald. Gildir þetta ekki aðeins um fjölmiðlageirann sem atvinnugrein og viðskiptalíkan heldur einkum um samfélagslegt hlutverk fjölmiðla sem varðhunda lýðræðisins. Í þessu erindi fjalla ég um mismuninn á samfélagslegu hlutverki fjölmiðla sem samfélagsstofnunar (e. social institution) á Íslandi annars vegar og í Svíþjóð og Finnlandi hins vegar. Umfjöllunin fer fram í þremur skrefum. Fyrst er vísað í lagalegt och stofnanalegt umhverfi „pressunnar“ í þessum þremur löndum. Þar má sjá meðal annars að fjölmiðlafrelsið sé róttækara í samanburðarlöndum en á Íslandi. Annað skrefið felst í því að skoða fjölmiðlakerfin í anda Hallin & Mancini (2004) og út frá rannsóknum Birgis Guðmundssonar, Valgerðar Jóhannsdóttur og annarra. Þar má m.a. benda á veika stöðu hvað varðar atvinnumennsku (e. professionalism) í íslenskum fjölmiðlum. Þriðja skrefið er að skoða lögbannsmálið gegn Stundinni árið 2017 sem lauk með hæstaréttardómi þess efnis að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafi gerst sekur um stjórnarskrárbrot. Í beinum orðum var þetta dæmi um ríkisstofnun að framkvæma ritskoðun. Hér má benda á að engin urðu viðbrögðin hvorki frá ákærvaldi né frá fjölmiðlum sem einni heild. Að lokum mun ég spyrja: Veldur vöntun á fjórða ríkisvaldi aukinni skautun í íslensku samfélagi eða er vanþróað fjölmiðlakerfi ef til vill afleiðing íslenskrar samfélagsgerðar þar sem almannahagsmunir jafn óðum lúta í lægra haldi fyrir mismunandi sérhagsmunum?

**15. ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið
Akureyri 2. og 3. júní 2023**

Öll dagskrá fer fram í Háskólanum á Akureyri



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Lars Gunnar Lundsten, dósent, Helsingfors háskóli, lars.lundsten@helsinki.fi